


SKÝRSLA
UMBOÐSMANNS BARNNA
2010



Skýrsla umboðsmanns barna

1. janúar 2010 – 31. desember 2010.

Útgefandi:

Umboðsmaður barna
Laugavegi 13
101 Reykjavík
Heimasíða: www.barn.is
Netfang: ub@barn.is
2011

Prentun og hönnun:

Leturprent

Til forsætisráðherra

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hefur umboðsmaður látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins.

Starfsárið 2010 litaðist mikið af því pólitíska og efnahagslega umhverfi sem ríkti í samfélaginu en ljóst er að það hafði mikil áhrif á börn. Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af þeim niðurskurði sem börn hafa orðið fyrir og hefur hann einkum áhyggjur af þeim börnum sem voru illa stödd félagslega fyrir efnahagshrunið, en margt bendir til þess að aðstæður þeirra hafi versnað til muna eftir að það skall á.

Eitt af stærri verkefnum umboðsmanns barna árið 2010 var ritun skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og var hún tilbúin undir lok ársins. Mikil heimildar- og undirbúningsvinna átti sér stað í tengslum við skýrsluna og má segja að velflest mál sem unnið var að á árinu tengist skýrslunni með einhverjum hætti. Mikil vinna fór í m.a. heilbrigðismál, málefni barna sem komast í kast við lögin, niðurskurð á hinum ýmsum sviðum samfélagsins og fleira.

Umboðsmaður barna hefur að undanfögnu lagt síaukna áherslu á að eiga samskipti við börn á öllum aldri og stuðla að því að sjónarmið þeirra heyrist í samfélaginu. Á árinu 2010 var ákveðið að fara í sérstakt kynningarátak og kynna embættið sem og réttindi barna fyrir börnum og full-orðnum. Umboðsmaður barna hitti því fjölmörg börn og ungmenni á árinu og hafa sjónarmið og viðhorf þeirra haft umtalsverð áhrif á starfsemi embættisins. Umboðsmaður hyggst einbeita sér enn frekar að því verkefni á núverandi starfsári, enda er mikilvægt að börn viti að þau geti leitað til embættisins og að það starfi í þágu þeirra.

Reykjavík, 17. júní 2011



Margrét María Sigurðardóttir

EFNISYFIRLIT

STARFSEMI EMBÆTTISINS	7
Hlutverk umboðsmanns barna	7
Starfsfólk umboðsmanns barna	7
Erindi	7
Samskipti við börn.	8
Heimasíða umboðsmanns barna	9
Verkefni umboðsmanns barna.	9
Kynning á embætti umboðsmanns barna.	10
Kynningarefni.	11
BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	12
Skýrsla til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.	12
NIÐURSKURÐUR SEM BITNAÐ HEFUR Á BÖRNUM	14
Sáttaumleitan.	15
Umönnunargreiðslur til foreldra fatlaðra og langveikra barna	16
Barnavernd.	16
Leik- og grunnskólar.	17
Framhaldsskólar.	17
Fæðingarorlof.	18
RÉTTUR BARNA TIL HEILBRIGÐIS	19
Sálfræðiþjónusta	19
Talmeinafræðingar	19
Tannheilbrigði	20
Börn með hegðunar- og geðraskanir.	20
Börn með ADHD	20
SKÓLAMÁL	21
Leikskólaganga barna	21
Agaviðurlög í skóla	23
Fræðsluskylda.	24
Jöfnunarstyrkur	25
Réttindi nemenda í framhaldsskóla	26
Hverfaskipting við innritun í framhaldsskóla	26
FJÖLSKYLDUMÁLEFNI	27
Réttur barns til að þekkja uppruna sinn	27
Börn fanga	27
Umgengni	28

Aðfarargerðir	28
Hjálpartæki	29
Réttur barns til að hafa áhrif á ákvörðun um dvalarstað eða umgengni	30
Dvalarstaður	30
Umgengni	30

BÖRN SEM KOMAST Í KAST VIÐ LÖGIN31

Úrræði til að takast á við afbrot barna	31
Aðskilnaður barna frá eldri föngum	31
Verklag lögreglu	32
Nafnbirting	32
Ósakhæf börn	33

FRÍTÍMI, TÓMSTUNDIR OG MENNING35

Leiðbeiningarreglur í íþróttá- og tómstundastarfi	35
Aðgangur unglunga að skemmtistöðum	35
Aðgangur barna að sundstöðum	35
Sjóðir til styrktar börnum	36

VERUM VINIR37

Einelti	37
Verum vinir – hurðaspjöld	37

EIGNARÉTTUR39

Eignir barna	39
Fjármál barna	39

RÉTTUR TIL ÞÁTTTÖKU40

Börn og mótmæli	40
Þátttaka barna í pólitísku starfi	41

FJÖLMÍÐLAR42

Vefsíður sem henta ekki börnum	42
Sjónvarpsefni sem er ekki við hæfi barna	43
Takmarkanir á auglýsingum í barnaefni	43

TRÚFRELSI BARNNA44

FORVARNIR45

Heildarendurskoðun á áfengislöggjöfnni	45
Áfengiskaupaaldur	45
Áfengisauglýsingar	45

RÁÐGJAFARHÓPUR46

UMBOÐSMANNS BARNA.....	46
KÖNNUN Á LÍÐAN BARNA Í SKÓLA OG HEIMA.....	47
UMSAGNIR.....	48
SAMSTARF.....	49
Innlendir samstarfsaðilar.....	49
Barnahópur velferðarvaktarinnar.....	49
Barnasáttmálinn – samstarfsverkefni með Barnaheillum, UNICEF og Námsgagnastofnun.....	49
Háskólinn í Reykjavík.....	49
Hoff – heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum.....	49
Kynjuð hagstjórn.....	49
Menningarmiðstöðin Gerðuberg.....	49
Náum áttum.....	50
Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.....	50
Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.....	50
Rannsóknir og greining.....	50
Reykjavíkúakademían.....	50
SAMAN-hópurinn.....	50
Stjórnlög unga fólksins – samstarfsverkefni með UNICEF og Reykjavíkurborg.....	50
Talsmaður neytenda.....	51
Annað.....	51
Erlendir samstarfsaðilar.....	51
Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum.....	51
Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC).....	51
Viðburðir á vegum umboðsmanns barna.....	51
Allir eru krakkar hjá umboðsmanni barna.....	51
Opið hús hjá umboðsmanni barna.....	52
Vinnusmiðja á Úlfjótsvatni.....	52
HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR.....	53
Fundir.....	53
Málþing og ráðstefnur.....	54



STARFSEMI EMBÆTTISINS

HLUTVERK UMBOÐSMANNS BARNA

Í lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 er umboðsmanni barna falið það mikilvæga hlutverk að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmaður barna skal vinna að því að tekið sé fullnægjandi tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er á réttindum þeirra. Umboðsmaður barna á að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni þeirra. Þá er embættinu ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varðar málefni barna. Það er einnig hlutverk umboðsmanns að kynna almenningi þá löggjöf sem varðar börn sérstaklega.

Umboðsmanni barna er hins vegar ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Honum er þó skylt að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál og benda á hvaða leiðir eru færar innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum.

STARFSFÓLK UMBOÐSMANNS BARNA

Margrét María Sigurðardóttir hefur gegnt starfi umboðsmanns barna frá 1. júlí 2007. Auk hennar starfa við embættið þrír starfsmenn, þau Auður Kristín Árnadóttir, Eðvald Einar Stefánsson og Elísabet Gísladóttir. Á árinu



voru auk þess ráðnir þrír laganemar til starfa við ýmis sérverkefni, þau Bára Sigurjónsdóttir, Fanney Finnsdóttir og Gunnlaugur Geirsson.

Umboðsmaður barna fékk Ingheiði Brá, 16 ára nema úr 10. bekk í Grunnskóla Húnaþings vestra, í starfskynningu dagana 20.-21. maí. Þá daga fylgdist Ingheiður með störfum umboðsmanns barna og fór með starfsfólki í ýmsar heimsóknir.

ERINDI


Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna mótast mikið af þeim erindum sem embættinu berast. Erindin eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagasamtök eða fjölmiðlar sem leita til umboðsmanns barna og óska eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi málefni barna. Málaflokkarnir eru einnig margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru þó meira áberandi en aðrir og ber þar helst að nefna forsjár- og umgengismál, skólamál, barnaverndarmál og heilbrigðismál.

Eins og áður hefur verið minnst á er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum. Fjöldi erinda sem embættinu berast varða þó slík mál. Umboðsmaður barna kappkostar að veita þeim einstaklingum sem leita til hans greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð eins og unnt er hverju sinni.

Á árinu 2010 bárust alls 1236 erindi til umboðsmanns barna, þar af 917 munnleg erindi og 319 skrifleg. Með munnlegum erindum er átt við öll símtöl sem berast embættinu og viðtöl við einstaklinga sem eiga sér stað á skrifstofu þess. Með skriflegum erindum er átt við allar fyrirspurnir og erindi sem varða ákveðið barn eða hóp barna. Þar að auki berast umboðsmanni barna reglulega ýmiss konar ábendingar, upplýsingar og boð á viðburði.

Á eftirfarandi mynd má sjá skiptingu þeirra erinda sem bárust embættinu á árinu 2010. Af myndinni má sjá að meirihluti erinda berst frá fullorðnum. Auk þess má sjá að börn senda frekar skrifleg erindi en fullorðnir kjósa oftar að hringja eða koma á fund.

Fjöldi erinda



SAMSKIPTI VIÐ BÖRN

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað hefur verið lögð rík áhersla á að ná til barna og unglunga í því skyni að heyra skoðanir þeirra og sjónarmið en einnig til þess að fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti sem vinnur í þágu barna að aðgengi fyrir börn sé tryggt og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna með erindi og fengið upplýsingar um réttindi sín. Er því ávallt reynt eftir fremsta megni að svara þeim börnum sem leita til embættisins eins fljótt og hægt er. Börn sem leita til embættisins geta rætt við umboðsmann barna eða aðra starfsmenn embættisins í fullum trúnaði. Starfsmenn embættisins eru þó bundnir af reglum barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningarskyldu með sama hætti og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Flest erindi frá börnum berast í gegnum netið, ýmist með tölvupósti á netfang embættisins, ub@barn.is, eða í gegnum heimasíðuna, undir liðnum spurt og svarað. Þegar erindi berst með síðari hættinum getur barn ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort viðkomandi fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er gerð krafa um að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar um sig. Ýmis svör við spurningum sem borist hafa frá börnum og unglingum er hægt að lesa á barna- og unglingasíðum embættisins. Þó svo að fyrrgreindar leiðir séu algengastar þegar börn leita til umboðsmanns barna hefur það færst í aukana að börn komi á skrifstofu umboðsmanns og óski eftir upplýsingum og aðstoð.

Umboðsmaður barna leitast einnig við að eiga samskipti við börn með öðrum hætti, t.d. með því



að fara í heimsóknir og halda kynningar fyrir skóla, fristundaheimili og ungmennaráð. Á síðasta ári hitti umboðsmaður og starfsfólk hans allt að 2000 börn á öllum aldri. Umboðsmaður barna er einnig með sérstakan ráðgjafarhóp sem hann hittir einu sinni í mánuði en þar eiga sæti unglingar á aldrinum 13 til 18 ára.

HEIMASÍÐA UMBOÐSMANNS BARNNA

Heimasíðu embættisins www.barn.is¹ er ætlað að vera almennur gagnagrunnur um réttindi og skyldur barna og hvaðeina annað sem varðar hagsmuni þeirra. Heimasíðan skiptist í þrjá hluta, þ.e. aðalsíðu, unglingasíðu og barnasíðu.

Á aðalsíðunni má finna upplýsingar um starfsemi embættisins. Þar eru einnig margvíslegar upplýsingar um réttindi barna, þau lög og reglur sem gilda um hina ýmsu málaflokka og upplýsingar um stofnanir og samtök sem koma að málefnum barna.

Barna- og unglingasíðunum er ætlað að tryggja að börn og unglingar geti fengið upplýsingar og ráðgjöf um réttindi sín á einfaldan og aðgengilegan hátt. Á síðunum er auk þess að finna upplýsingar um mismunandi málaflokka og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita til að fá frekari aðstoð. Heimasíðan er jafnframt vettvangur fyrir börn og unglinga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri en þar geta þau sent inn ábendingar eða fyrirspurnir til umboðsmanns barna eins og áður hefur verið tekið fram.

VERKEFNI UMBOÐSMANNS BARNNA

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni embættisins. Hins vegar ræðst starfsemin að nokkru leyti af þeim erindum sem berast embættinu eins og þegar hefur verið tekið fram. Einnig getur umboðsmaður tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði og komið með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn sérstaklega. Umboðsmaður barna skal einnig stuðla að

¹ Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum www.umboðsmadurbarna.is.

Því að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að, sem snerta réttindi og velferð barna, séu virtir. Á það fyrst og fremst við um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn, en hann er mikilvæg stoð fyrir allt starf embættisins. Á ári hverju sinnir umboðsmaður barna fjölmörgum erindum og verkefnum sem snerta mörg svið þjóðfélagsins. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllu því sem umboðsmaður fæst við með tæmandi hætti í skýrslu sem þessari. Verður því aðeins leitast við að gera grein fyrir helstu verkefnum embættisins á árinu.

KYNNING Á EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNNA

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins, sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum, er því veigamikill þáttur í starfi umboðsmanns ár hvert. Umboðsmaður barna ákvað í byrjun árs 2010 að lögð yrði sérstök áhersla á að kynna embættið og réttindi barna á árinu. Sendi því umboðsmaður barna tvívegis, annars vegar í byrjun mars og hins vegar í byrjun september, tölvupóst til allra leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og sveitarfélaga (þ.e. ungmennaráða og þeirra sem starfa með börnum og unglíngum) sem og ýmissa samtaka sem vinna með börnum. Í tölvupóstinum var öllum boðið að fá kynningu á embætti umboðsmanns barna og ræða við hann um réttindamál barna og unglínga.

Í ljós kom að margir höfðu áhuga á að fá kynningu frá umboðsmanni barna og fór talsverður tími starfsmanna embættisins í kynningar vitt og breytt um landið. Aðallega var um að ræða kynningar á höfuðborgarsvæðinu en einnig fóru umboðsmaður barna og starfsmenn hans á Austurland og Vestfirði og kynntu embættið og réttindi



barna. Hér að neðan má sjá lista yfir þá skóla eða þau félagasamtök sem umboðsmaður barna heimsótti:



Grunnskólar:

- Breiðdalsskóli
- Brúarskóli (starfsfólk)
- Egilsstaðaskóli
- Fellaskóli í Fellabæ
- Foldaskóli
- Giljaskóli
- Grunnskóli Ísafjarðar
- Grunnskóli Seyðisfjarðar
- Grunnskóli Vesturbyggðar (Patreksskóli)
- Grunnskólinn á Fáskrúðsfirði



- Grunnskólinn á Hólmavík
- Grunnskólinn á Reyðarfirði
- Hallormsstaðarskóli
- Hofstaðaskóli
- Hvaleyrarskóli
- Hvassaleitisskóli
- Laugalækjarskóli
- Myllubakkaskóli (starfsfólk)
- Naustaskóli



- Réttarholtsskóli
- Tálknafjarðarskóli
- Vatnsendaskóli
- Víðistaðaskóli
- Öldutúnsskóli



- Ungmennaráð Mosfellsbæjar
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda

Framhaldsskólar:


- Fjölbautaskólinn í Breiðholti
- Framhaldsskóladeild Fjölbautaskóla Snæfellinga
- Menntaskólinn við Hamrahlíð

Félagsmiðstöðvar, ungmennaráð og aðrir aðilar:

- Frostaskjól
- Miðberg
- Ungliðar samtakanna 78
- Ungmennaráð Garðabæjar
- Ungmennaráð Miðborgar og Hlíða

KYNNINGAREFNI

Þegar umboðsmaður barna heldur kynningar eða fer í heimsóknir afhendir hann ýmislegt kynningarefni, eins og til dæmis bæklinga og veggspjöld um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig afhendir hann ýmist efni sem embættið hefur gefið út á undanförunum árum, svo sem veggspjöld, bækur og bæklinga. Á árinu 2010 gaf umboðsmaður barna út bækling um embættið á ensku með það fyrir augum að ná betur til barna og fullorðinna af erlendum uppruna.



2. gr. Barnasáttmáls

1. Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember 1989. Barnasáttmálinn er eini alþjóðlegi samningurinn sem sérstaklega á við um börn. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram hina fullorðnu. Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims, en hann hefur verið fullgiltur af öllum ríkjum fyrir utan Bandaríkin og Sómalíu. Sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur í nóvember árið 1992. Þó að fullgilding feli í sér að íslenska ríkið sé skuldbundið til þess að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans er sjaldan vitnað í ákvæði hans við úrlausn mála hjá stjórnvöldum og dómstólum. Sem dæmi um það má nefna að rannsókn á dómafrankvæmd hefur leitt í ljós að það sé tilviljanakennt hvort dómstólar vísu í Barnasáttmálann eða ekki.² Má ætla að ástæða þess sé m.a. sú að Barnasáttmálinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að lögfesta Barnasáttmálann til þess að sáttmálanum verði í auknum mæli beitt í framkvæmd og að börn og fullorðnir verði meðvitaðri um réttindi barna. Á það ekki síst við í ljósi þess að niðurstöður dóma hafa verið í andstöðu við ákvæði Barnasáttmálans.

Í nóvember 2009 birti dómsmála- og mannréttindaráðuneytið frumvarp um lögfestingu á Barnasáttmálanum. Frumvarpið hefur þó enn ekki verið lagt fyrir

Alþingi en það sem stendur aðallega í vegi fyrir því er sá fyrirvari sem Ísland gerði í upphafi við c-lið 37. gr. um aðskilnað ungra fanga frá þeim eldri. Þegar frumvarpið að lögfestingu sáttmálans var lagt fram var settur á fót vinnuhópur sem átti að taka til skoðunar hvernig hægt væri að haga afplánun sakhæfra barna til þess að uppfylla fyrrnefnt ákvæði. Sá vinnuhópur skilaði skýrslu um störf sín í maí 2010 og ljóst er að gera þarf breytingar í þessum efnum til þess að hægt verði að lögfesta Barnasáttmálann. Á fundi umboðsmanns barna með dómsmála- og mannréttindaráðherra staðfesti hann að verið væri að vinna í því að uppfylla skilyrði sáttmálans til þess að hægt yrði að lögfesta hann hér á landi. Umboðsmaður barna mun fylgja þessu máli eftir og halda áfram að hvetja til lögfestingar Barnasáttmálans.

SKÝRSLA TIL NEFNDAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI BARNINS

Eitt af stærri verkefnum umboðsmanns barna árið 2010 var ritun skýrslu til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem í daglegu tali er nefnd Barnaréttarnefndin í Genf. Nefndin hefur það hlutverk að hafa eftirlit með því að aðildarríki framfylgi Barnasáttmálanum og tryggi börnum þau réttindi sem þar koma fram. Í þeim tilgangi ber aðildarríkjum að láta nefndinni í té skýrslu um það sem þau hafa gert til að koma í framkvæmd þeim réttindum sem viðurkennd eru í samningnum og hvernig miðað hefur að beitingu þeirra, sbr. 1. mgr. 44. gr.

² Þórhildur Lindal: *Skýrsla um dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem vísað er til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, o.fl., bls. 66.*

Barnasáttmálans. Í júní 2008 skilaði Ísland annarri skýrslu sinni til Barnaréttarnefndarinnar. Samhliða skýrslum aðildarríkja er stofnunum og frjálsum félagasamtökum, sem hafa hag barna að leiðarljósi, heimilt að senda inn athugasemdir til Barnaréttarnefndarinnar. Umboðsmaður barna sendi því sína skýrslu til Barnaréttarnefndarinnar um framkvæmd sáttmálans hér á landi í lok ársins 2010. Í skýrslu umboðsmanns er tekið á mörögum af þeim lykilatriðum sem snerta hag barna og bent er á þau atriði sem umboðsmaður telur mikilvægt að bæta til þess að tryggja réttindi barna á Íslandi. Fyrirhugað er að skýrsla Íslands verði tekin fyrir hjá Barnaréttarnefndinni haustið 2011. Margt af því sem kemur fram í skýrslu umboðsmanns barna til Barnaréttarnefndarinnar er einnig nefnt í þessari skýrslu.



NIÐURSKURÐUR SEM BITNAÐ HEFUR Á BÖRNUM



Ljóst er að mikill niðurskurður á sér stað á öllum sviðum samfélagsins vegna þess efnahagsástands sem ríkir hér á landi. Niðurskurðurinn bitnar á öllum þjóðfélagshópum, ekki síst þeim sem standa að einhverju leyti höllum fæti. Börn eru viðkvæm og þarfnast því sérstakrar umönnunar umfram aðra hópa í samfélaginu. Í samræmi við það hefur umboðsmaður barna bent á mikilvægi þess að halda sérstaklega vel utan um börn og réttindi þeirra á tímum sem þessum og tryggja að þau njóti þeirrar þjónustu sem velferð þeirra krefst. Einnig hefur umboðsmaður barna bent á að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Þar af leiðandi skal ætíð leita annarra leiða við niðurskurð áður en þjónusta við börn er skert. Hins vegar er ljóst af þeim ábendingum sem umboðsmanni barna hafa borist á árinu að niðurskurður bitnar í þó nokkrum mæli á börnum. Umboðsmaður barna vakti athygli á þessum niðurskurði með ýmsum hætti á árinu 2010.

Þann 12. janúar 2010 sendi umboðsmaður barna öllum sveitarstjórnnum tölvupóst þar sem bent var á

mikilvægi þess að hlifa börnum við þjónustuskerðingu. Umboðsmaður lagði sérstaka áherslu á að í þeim tilvikum þar sem þjónusta við börn er ekki lögbundin þurfi engu að síður að gæta sérstakrar varfærni áður en hún er skert. Í kjölfar bréfsins sem sent var til allra sveitarfélaga á landinu átti umboðsmaður barna fund með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem málin voru rædd.

Umboðsmaður barna sendi öllum Alþingismönnum bréf þann 4. október til þess að minna á mikilvægi þess að huga að velferð barna og að börn njóti þeirrar þjónustu sem nauðsynleg er til þess að þau nái líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska, sbr. 27. gr. Barnasáttmálans. Einnig minnti umboðsmaður þingmenn á 3. og 12. gr. Barnasáttmálans og áréttaði mikilvægi þess að leyfa börnum að tjá sig og taka réttmætt tillit til skoðana þeirra þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þau.

Að lokum kom umboðsmaður barna með ábendingar varðandi fjárlagafrumvarp fyrir árið 2011 þar sem gert var ráð fyrir ýmsum niðurskurði sem bitnar á börnum og



fjölskyldum þeirra. Umboðsmaður barna benti á að slíkt væri ekki í samræmi við það sem barni væri fyrir bestu og minnti á mikilvægi þess að leita annarra leiða áður en þjónusta við börn er skert.

Í byrjun ársins 2010 fagnaði umboðsmaður barna þeirri tillögu, sem var samþykkt einróma á fundi borgarstjórnar þann 5. janúar, að árið 2010 yrði tileinkað velferð barna í Reykjavík. Í greinargerð með tillögunni sagði að velferð barna væri viðvarandi verkefni sveitarstjórna, en við þær aðstæður sem nú væru uppi væri ástæða til að leggja enn sterkari áherslu á það. Einnig kom fram að allir flokkar hafi gert sitt besta til að forgangsraða í þágu barna og velferðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Lagt var til að Aðgerðarhópi um málefni barna verði falið að útfæra tillöguna og gera tillögur til borgarráðs. Umboðsmaður barna sendi bréf til borgarstjóra Reykjavíkur þann 20. október og óskaði upplýsinga um það hvernig aðgerðarhópurinn útfærði tillöguna og hvort tillaga hafi verið gerð til borgarráðs. Einnig var óskað eftir upplýsingum um þær aðgerðir sem borgin hafði gripið til. Umboðsmaður barna fékk þær upplýsingar að svars væri að vænta en það hafði ekki borist í árslok.

Í eftirfarandi umfjöllun má finna dæmi um niðurskurð sem bitnar á börnum.

SÁTTAUMLEITAN

Samkvæmt 33. gr. barnalaga nr. 76/2003 skal sýslumaður bjóða aðilum forsjár, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn á máli þeirra með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Slík þjónusta getur skipt miklu máli fyrir velferð barna og komið í veg fyrir erfiðar og langvarandi deilur milli foreldra. Umboðsmanni barna bárust athugasemdir í lok sumars árið 2009 þess efnis að sáttaumleitan samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 76/2003 væri ekki í boði hjá öllum sýslumannsembættum á landinu. Umboðsmaður barna sendi því bréf til allra sýslumannsembætta á Íslandi í september 2009 og spurðist fyrir um fyrirkomulag þjónustunnar og hvort hún hefði verið skorin niður. Í ljós kom að sýslumaðurinn í Reykjavík annast greiðslu þjónustunnar á öllu landinu og var upplýst um að það fé sem áætlað var í umrædda ráðgjöf var uppurið og því hafi sáttaumleitan verið stöðvuð. Í kjölfar fyrirsagnar umboðsmanns barna var tilkynnt að frekara fjármagns væri að vænta og yrði þjónustan því brátt í boði. Í ágúst árið 2010 ákvað umboðsmaður barna að ganga úr skugga um það að fyrrnefnt fjármagn hefði borist og hvernig skipulagi þjónustunnar væri háttáð. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Reykjavík og dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu barst það fjármagn sem lofað var en fyrirkomulagi sáttaumleitanar var breytt

3. gr. Barnasáttmálans

1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.

umtalsvert vegna sparnaðaraðgerða. Meginbreytingin fólst í því að ferðakostnaður einstaklinga vegna ráðgjafar er ekki niðurgreiddur, heldur aðeins þjónustan sjálf. Sú sérfræðipjónusta sem boðið er upp á í tengslum við sáttaumleitun er aðeins í boði í ákveðnum sveitarfélögum og þ.a.l. þarf hluti fólks að ferðast langar vegalengdir til að sækja umrædda þjónustu. Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af þessu fyrirkomulagi og telur að aukinn ferðakostnaður geti leitt til þess að ákveðinn hópur nýti sér ekki þjónustuna vegna kostnaðar. Er því hættu á að umrætt fyrirkomulag mismuni börnum vegna efnahags foreldra og er það brot á 2. gr. Barnasáttmálans. Auk þess er aðeins greitt fyrir þrjá tíma að hámarki í hverju máli. Umboðsmaður barna mun halda áfram að vinna að þessum málum og beita sér fyrir því að allir foreldrar hafi jafna möguleika á að nýta sér þjónustuna, án tillits til efnahags.

UMÖNNUNARGREIÐSLUR TIL FORELDRA FATLAÐRA OG LANGVEIKRA BARNA

Umboðsmanni barna bárust á árinu 2010 athugasemdir vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á umönnunargreiðslum sem foreldrar fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á. Einnig hefur hann spurst fyrir um fyrirhugaða skerðingu á þjónustu við þennan hóp, t.d. heimahjúkrun. Mikilvægt er að íslenska ríkið tryggi fötluðum og langveikum börnum sérstaka aðstoð og stuðning eins og kemur m.a. fram í 23. gr. Barnasáttmálans og varist að skerða fjárframlög til þeirra. Umboðsmaður barna hefur bent á að gæta þurfi fyllstu varkárni þegar tekin er ákvörðun um að skerða hvers konar greiðslur til barna og sérstaklega þegar fjárframlög eru skert til barna sem tilheyra minnihlutahópum. Þá ber einnig að athuga að stór hluti foreldra stendur

verr fjárhagslega en áður í ljósi efnahagskreppunnar. Umboðsmaður barna mun halda áfram að vinna að því að þjónusta við fyrrgreind börn verði ekki skert.

BARNAVERND

Fjöldi tilkynninga sem berast barnaverndarnefndum um land allt hefur aukist gríðarlega og jafnframt hefur álag á starfsfólk barnaverndarnefnda aukist í ljósi þess að um erfiðari og þyngri mál er að ræða. Fjárframlög til barnaverndarnefnda hafa ekki aukist í samræmi við þetta og starfsfólki hefur fjölgað óverulega. Þar með hefur þjónusta við börn verið skert þar sem starfsfólk barnaverndarnefnda hefur ekki undan því að sinna öllum þeim málum sem upp koma. Umboðsmanni barna hefur einnig borist ábending þess efnis að neyðarþjónusta barnaverndarnefnda í einhverjum sveitarfélögum hafi verið skert að þó nokkru leyti og sé nú ekki í boði eftir miðnætti. Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af þessari þróun þar sem starf barnaverndarnefnda er gríðarlega mikilvægt þegar börn þurfa á aðstoð að halda.

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar um úrræðaleyfi barnaverndar þegar um er að ræða börn sem stofna eigin velferð í hættu, t.d. vegna vanlíðanar, hegðunarvandamála eða vímuefnaneyslu. Einnig hafa komið upp dæmi þar sem ekki eru laus neyðarúrræði fyrir börn sem eiga í engin hús að venda. Nauðsynlegt er að tryggja að nægileg úrræði séu til staðar og ávallt sé metið í hverju tilviki fyrir sig hvaða úrræði henti viðkomandi barni. Auk þess er brýnt að ávallt sé hægt að koma börnum í öruggt skjól og að þau þurfi ekki að biða lengi eftir viðeigandi meðferðarúrræði. Umboðsmaður barna mun leggja áherslu á að bæta hag þessara barna á árinu 2011.



LEIK- OG GRUNNSKÓLAR

Staðreyndin er sú að börnum er ekki í öllum tilvikum tryggð sú þjónusta í skólum sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Sem dæmi um það má nefna að í könnun sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði kom í ljós að 30% grunnskóla á landinu eru án námsráðgjafa. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjöf. Einnig hafa borist erindi um að börn fái færri kennslustundir en gert er ráð fyrir í grunnskólalögum, m.a. vegna þess að kennsla er ekki sinnt í förföllum. Er því ljóst að ákveðinn hluti skóla veitir ekki börnum þá lögbundnu þjónustu sem þau eiga rétt á og er þeim því mismunað eftir búsetu. Umboðsmaður barna hefur bent mennta- og menningarmálaráðuneytinu á mikilvægi þess að fylgjast náið með því að öll lögbundin þjónusta sé tryggð í leik- og grunnskólum.

Umboðsmaður barna hefur einnig fengið þó nokkrar ábendingar um niðurskurð á þjónustu í leik- og grunnskólum sem ekki er lögbundin, eins og til dæmis um sameiningu bekkja, niðurfellingu námskeiða og fækkun í starfsliði skóla. Umboðsmaður barna hefur sem fyrr segir bent sveitarfélögum á að leita skuli annarra leiða

við niðurskurð en að skerða þjónustu við börn. Á það ekki síst við leik- og grunnskóla, enda skiptir skólaganga miklu máli fyrir velferð barna. Ljóst er að hvers konar skerðing innan skóla hefur áhrif á hag barna og er líkleg til að draga úr gæðum menntunar. Í því sambandi má benda á að reynsla nágrannaþjóða hefur sýnt að niðurskurður í skólakerfinu hefur neikvæðar afleiðingar í för með sér til lengri tíma lítið.

FRAMHALDSSKÓLAR

Framhaldsskólar hafa þegar orðið fyrir töluverðum niðurskurði. Ljóst er að þessi niðurskurður bitnar á þeirri þjónustu sem framhaldsskólar veita nemendum, ekki síst þeim sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Má því gera ráð fyrir því að það leiði til aukins brottfalls nemenda úr framhaldsskólum. Þetta er ekki í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að sporna við brottfalli úr framhaldsskólum hér á landi sem nú þegar er með því mesta sem gerist í Evrópu. Líklegt er að sá hópur sem gengur ekki í framhaldsskóla muni eiga erfitt uppdráttar í framtíðinni. Umboðsmaður hefur verulegar áhyggjur af þessum hópi og hefur komið því á framfæri við ýmis tækifæri, m.a. í bréfi til nefndarmanna í fjárlaganefnd og á fundi með menntamálaráðherra.

Mikilvægt er að huga að því hvaða afleiðingar niðurskurður í framhaldsskólum mun hafa fyrir ungmenni sem þar stunda nám sem og komandi kynslóðir. Í því sambandi má benda á rannsóknina *Ungt fólk utan skóla 2009*³ en þar kemur fram að ungmennum sem eru ekki í skóla líður mun verr en þeim sem eru í námi auk þess sem reynsla annarra þjóða bendir til þess að þessi hópur sé mun líklegri til að eiga við vandamál að stríða í framtíðinni.

FÆÐINGARORLOF

Það skiptir miklu máli fyrir börn að njóta umönnunar foreldra sinna, ekki síst fyrstu árin í lífi sínu. Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 stuðla að því að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna, sbr. 1. mgr. 18. gr. Barnasáttmálans.

Frá því löggin voru sett hafa margar breytingar verið gerðar á rétti foreldra til greiðslna úr fæðingarorlofssjóði, t.d. hafa greiðslur til foreldra verið skertar og hámarksgreiðslur lækkaðar. Slíkar breytingar eru skref aftur á bak í þessum efnum. Foreldrar skipta mestu máli í lífi barna og umönnun og atlæti fyrstu mánuðina í lífi ungbarna hefur varanleg áhrif á allt líf þeirra. Þess vegna þarf að tryggja að ungbörn geti verið heima og notið umönnunar foreldra sinna sem lengst. Reynslan hefur sýnt að niðurskurður á fæðingarorlofi hefur mun meiri áhrif á þátttöku feðra í umönnun barna sinna á fyrstu mánuðum, auk þess sem skerðingin kemur illa niður á einstæðum foreldrum. Telur umboðsmaður barna skerðingu á fæðingarorlofi óviðunandi afturför.



³ Rannsóknin er aðgengileg á: <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk---Utan-skola-2009.pdf>.

RÉTTUR BARNNA TIL HEILBRIGÐIS

6. gr. Barnasáttmálans

1. Aðildarríki viðurkenna að sérhvert barn hefur meðfæddan rétt til lífs.
2. Aðildarríki skulu eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.

Börn eiga rétt á því að njóta besta mögulegs heilsufars sem hægt er að tryggja, sbr. 24. gr. Barnasáttmálans. Ríkinu ber því að tryggja að öll börn njóti þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þau þurfa á að halda án mismununar af nokkru tagi. Ljóst er að staða mála er ekki viðunandi á ýmsum sviðum heilbrigðisþjónustu hér á landi. Auk þess hefur átt sér stað niðurskurður í heilbrigðiskerfinu sem bitnar á þjónustu við börn, ekki síst þau sem standa að einhverju leyti höllum fæti. Ef börn fá ekki þá heilbrigðisþjónustu sem þau þurfa á að halda eru líkur á því að það hafi alvarlegri vandamál í för með sér í framtíðinni með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkið. Umboðsmaður telur allan niðurskurð á heilbrigðisþjónustu barna óviðunandi og hefur á árinu bent á ýmis atriði sem þarf að breyta í heilbrigðiskerfi barna eins og kemur fram í eftirfarandi umfjöllun.

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Umboðsmaður barna fékk upplýsingar á árinu þess efnis að sálfræðiþjónusta væri einungis í boði fyrir börn á sumum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu en ekki öðrum. Af því tilefni sendi umboðsmaður bréf til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í maí 2010 til þess að fá upplýsingar um á hvaða heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu væri boðið upp á sálfræðiþjónustu fyrir börn. Einnig spurðist umboðsmaður fyrir um það hvort nægilega væri tryggt að börnum á öðrum heilsugæslustöðvum stæði til boða sambærileg þjónusta. Á lokum spurði umboðsmaður hvernig slíkri þjónustu væri háttað á landsbyggðinni. Í tölvupósti sem barst frá lækningaforstjóra kom fram að aðeins væru starfandi sálfræðingar á sjö af þeim sextán heilsugæslustöðvum sem starfa á höfuðborgarsvæðinu. Má því draga þá ályktun að börnum sé mismunað eftir búsetu að þessu leyti. Umboðsmaður barna fór á fund með heilbrigðisráðherra. Í kjölfar fundarins sendi umboðsmaður barna bréf til heilbrigðisráðherra og óskaði upplýsinga um hvort einhverjar breytingar hefðu átt sér stað af hálfu ráðuneytisins. Í svarbréfi frá ráðherra var staðfest að búið væri að tryggja fjármagn til þess að öllum börnum væri tryggður réttur til sálfræðiþjónustu. Umboðsmaður barna fagnar því að nægt

fjármagn hafi borist til þess að tryggja öllum börnum rétt á sálfræðiþjónustu.

TALMEINAFRÆÐINGAR



Ljóst er að margir hópar barna þurfa á talþjálfun að halda og getur slík þjónusta skipt miklu máli fyrir möguleika þeirra í framtíðinni. Á það meðal annars við um börn með veruleg frávík í málþroska, einhverf börn, börn sem verða fyrir málstoli vegna heilaskaða og börn sem hafa fengið kuðungsgrædd heyrnartæki vegna alvarlegrar heyrnarskerðingar eða heyrnarleysis. Umboðsmaður barna hefur fengið fjölmargar ábendingar um að greiðsluþyrði foreldra vegna talþjálfunar barna hafi aukist mikið og sumir treysta sér ekki til að kaupa þjónustuna eða hafa einfaldlega ekki bolmagn til þess. Þessi þróun er óviðunandi, enda er um mikilvæg réttindi barna að ræða.

Talmeinafræðingar sögðu upp samningi við Tryggingastofnun haustið 2007 og í kjölfarið hækkuðu gjaldskrár

þeirra. Nú eru einungis sex talmeinafræðingar á landinu með samning við Sjúkratryggingar Íslands, þar af einn á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim tilvikum sem talmeinafræðingar eru með slíkan samning greiða Sjúkratryggingar Íslands stóran hluta af kostnaðinum fyrir hvern tíma. Þegar talmeinafræðingar eru ekki með samning við Sjúkratryggingar Íslands er hins vegar einungis veittur óverulegur styrkur, eða 2.000 kr. fyrir hvern tíma sem kostar á bilinu 6.500–7.600 kr. Er því ljóst að foreldrar þurfa að greiða töluvert háar fjárhæðir fyrir talþjálfun í langflestum tilvikum. Þessi kostnaður getur verið verulega íþyngjandi fyrir foreldra og er því hætt á að börnum sé mismunað að þessu leyti eftir efnahag foreldra, sbr. 2. gr. Barnasáttmálans.

Umboðsmaður barna hefur notað ýmis tækifæri til að vekja athygli á þessu máli. Síðastliðið vor átti umboðsmaður barna fund með heilbrigðisráðherra þar sem þetta mál var m.a. rætt og einnig hefur verið óskað eftir fundi með velferðarráðherra, sem tekur formlega til starfa 1. janúar 2011. Auk þess var vakin sérstök athygli á skertri þjónustu talmeinafræðinga í skýrslu til Barnaréttarnefndarinnar.

TANNHEILBRIGÐI

Umboðsmaður barna hefur á undanförunum árum ítrekað bent á nauðsyn þess að bæta tannheilbrigðisþjónustu við börn. Ljóst er að tannheilbrigði nýtur ekki sömu stöðu og önnur svið heilbrigðismála í hinu íslenska velferðarkerfi. Umboðsmaður barna telur það óeðlilegt, enda er tannheilbrigði óneitanlega stór þáttur í líðan og heilsu barna. Á árinu 2010 fundaði umboðsmaður barna m.a. með landlækni og heilbrigðisráðherra til þess að ræða þessi mál, auk þess sem hann vakti athygli Barnaréttarnefndarinnar á þessum alvarlega annmarka á heilbrigðiskerfinu.

BÖRN MEÐ HEGÐUNAR- OG GEÐRASKANIR

Staða barna með hegðunar- og geðraskanir er vaxandi áhyggjuefni á Íslandi. Langir biðlistar og skortur á úrræðum fyrir börn með slíkar raskanir hafa skapað mjög erfitt ástand, bæði fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Á barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL) er tekið á móti börnum sem eiga við geðheilsuvanda að stríða. Í júní 2007 samþykkti Alþingi aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldur þeirra. Meðal þess sem fyrirhugað var að gera var að grípa til sérstakra aðgerða í því skyni að stytta biðlista eftir þjónustu á BUGL. Aðgerðaáætlunin skilaði strax árangri og biðlistinn styttist.⁴ Í kjölfar efnahagshrunsins hefur

málum þó fjölgað og biðlistinn lengst á ný. eru því dæmi um að börn þurfi að bíða í allt að eitt ár eftir þjónustu og meðferð.

Mikilvægt er að bregðast skjótt við hegðunar- og geðröskunum barna til að minnka eða koma í veg fyrir vandamál sem slíkum röskunum fylgja. Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um að skortur sé á skýru skipulagi og verklagi í þessum málaflokki. Þannig virðist oft óljóst hver þáttur skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu er og hvaða stofnun fer með mismunandi þætti málsins. Takmörkuð samskipti virðast vera milli þeirra sem starfa á þessu sviði og fagfólk veit ekki hvaða þjónusta hefur verið boðin hvar og hvernig það gekk. Umboðsmaður barna hefur vakið athygli á þessu vandamáli, m.a. í skýrslu sinni til Barnaréttarnefndarinnar.

BÖRN MEÐ ADHD

Á undanförunum árum hefur þjónusta við börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD) farið vaxandi. Proska- og hegðunarstöðin hefur það hlutverk að vera miðstöð sérfræðiþekkingar og þjónustu við börn með ADHD og fjölskyldur þeirra. Þjónusta stöðvarinnar hefur hins vegar einungis miðast við börn á leikskólaaldri og í yngstu bekkjum grunnskólans. Þegar börn greinast með ADHD eftir 12 ára aldur geta þau hins vegar ekki sótt þá þjónustu sem þar er í boði. Eldri börn fá því oft á tíðum ekki sömu ráðgjöf, meðferð og fræðslu og yngri börn. Umboðsmaður barna telur ekki eðlilegt að veita unglingsum sem greinast með ADHD minni þjónustu, enda er ljóst að unglingsárin geta verið sérstaklega erfið fyrir þennan hóp.



⁴ Fréttatilkynning heilbrigðisráðuneytisins: <http://www.heilbrigðisraduneyti.is/frettir/nr/2774>.

SKÓLAMÁL

Mörg af þeim erindum sem berast umboðsmanni barna snerta skólagöngu barna, hvort sem um er að ræða leik-, grunn- eða framhaldsskóla.

Öll börn eiga rétt á menntun samkvæmt 28. gr. Barnasáttmálans. Samkvæmt íslenskum lögum og Barnasáttmálanum hvílir meginábyrgðin á uppeldi og umönnun barna á herðum foreldra. Skól-

inn gegnir þó mikilvægu hlutverki fyrir börn og unglinga og er eitt stærsta hlutverk skólans að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Það gefur því að skilja að afar nán tengsl ættu að vera á milli heimilis og skóla. Kallar það á gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu. Samkvæmt lögum er skólaskylda 10 ár á Íslandi en öll börn sem lokið hafa undirstöðmenntun eða eru á aldrinum 16 til 18 ára eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Óánægja barna og foreldra í grunnskóla vegna færanlegra kennslustofa sem komið var fyrir á leiksvæði barnanna og eiga að þjóna sem frístundaheimili.

Mörg af þeim erindum sem berast umboðsmanni barna snerta skólagöngu barna, hvort sem um er að ræða leik-, grunn- eða framhaldsskóla.

Foreldri spyr um réttmæti þess að stjórnendum grunnskóla sé í sjálfsveld sett hvernig þeir nýti það fjármagn sem þeir fá til að veita börnum með fötlun þá þjónustu sem þau þurfa á að halda.

Það eru þó nokkur atriði sem umboðsmaður barna hefur lagt sérstaka áherslu á varðandi skólamál barna og varða þau leikskólagöngu barna, agaviðurlög í skólum, jöfnunarstyrk og réttindi framhaldsskólánema.

Foreldri vildi vita hvert væri hægt að leita ef börn eru beitt óréttlæti í skólanum.

Foreldri leitar til umboðsmanns barna vegna fyrirhugaðs skólaferðalags barns síns sem er fatlað. Sökum fötlunar þess var gerð krafa um að annað foreldrið færi með í ferðina. Er það ójafnræði?

LEIKSKÓLAGANGA BARNNA

Á árinu barst umboðsmanni barna erindi þess efnis að börn foreldra sem skulda leikskólagjöld eiga á hættu að vera vísað úr leikskólum. Ljóst er að um er að ræða börn sem sérstaklega mikilvægt er að halda utan um á þessum

erfiðu tímum. Þegar börn upplifa erfiðleika á heimilum sínum er brýnt að þau geti leikið sér áhyggjulaus í leikskólum þar sem þau finna fyrir stöðugleika og öryggi.

Foreldrar leita til umboðsmanns barna vegna barns síns sem er með alvarlegt fæðuofnæmi. Hver er skylda skólans til þess að koma til móts við sérþarfir barnsins?

Af því tilefni sendi umboðsmaður barna öllum sveitarfélögum í landinu bréf til þess að vekja athygli á þessum málum. Í bréfi umboðsmanns barna var tekið fram að samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar ber yfirvöldum að sjá til þess að velferð barna sé tryggð með öllum tiltækum ráðum og hvatti umboðsmaður sveitarfélög til þess að hafa hagsmuni barna ávallt að leiðarljósi og gæta þess að efnahagur foreldra bitni sem minnst á högum og velferð þeirra.

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi þeirra. Leikskólinn er fyrsta stigið í skólakerfinu og hefur æ ríkari áhersla verið lögð á menntunarpátt leikskólans hin síðari ár. Er nú litið svo á að eitt af hlutverkum leikskólans sé að búa börn undir grunnskólagönguna. Umboðsmaður barna telur þess vegna mikilvægt að tryggja öllum börnum jafnan rétt til að ganga í leikskóla, óháð stöðu foreldra. Leikskólinn veitir samfélaginu einstakt tækifæri til að jafna stöðu barna. Í leikskólanum er unnt að veita þeim börnum sem standa höllum fæti viðeigandi umönnun og atlæti án tillits til fjárhagsaðstæðna eða félagslegrar stöðu foreldra. Slíkt er ekki síst mikilvægt á þessum tímum þegar atvinnuleysi er mikið og mörg heimili glíma við fjárhagserfiðleika.

Í 27. gr. laga um leikskóla kemur fram að sveitarstjórnnum sé heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Ákvæði um gjald og innheimtu þess fer því eftir reglum hvers sveitarfélags fyrir sig. Í bréfi umboðsmanns hvatti hann sveitarfélög til að koma fjölskyldum í fjárhagsvanda til hjálpar og tryggja öllum börnum tækifæri til að ganga í leikskóla óháð efnahag foreldra, sbr. 2. gr. Barnasáttmálans. Í því sambandi tók umboðsmaður barna einnig fram að sveitarfélögum ber ávallt að hafa það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Hagsmunir barna af því að halda áfram leikskólagöngu sinni eiga því að ganga fram hagsmunum sveitarfélaga af því að innheimta leikskólagjöld.





AGAVIÐURLÖG Í SKÓLA

Umboðsmanni barna hefur borist mikill fjöldi ábendinga sem varða agaviðurlög í skólum. Fyrst og fremst er um að ræða erindi sem varða svokölluð punktakerfi í skólum og ósanngjörn viðurlög sem nemendur þurfa að sæta þegar þeir brjóta skólareglur.

Drengur spyr: „Hafa stjórnendur í grunnskóla leyfi til þess að setja nemendur í 20 mín eftirsetu eftir að hafa komið 3 sinnum of seint í skólann?“

eru ávallt óheimilar og er það í samræmi við 19. gr. Barnasáttmálans.

15
ára drengur:
„má skólinn minn láta mig mæta á skólaball kl 6 um kvöldið og gefa mér fjarvist fyrir [ef ég mætti ekki]“

Agi og agaviðurlög hafa lengi verið til umfjöllunar hjá umboðsmanni barna og telur umboðsmaður mikilvægt að skólareglur séu vandaðar. Samkvæmt 30. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 ber grunnskólum að vinna skólareglur í samstarfi við skólaráð þar sem nemendur og foreldrar eiga m.a.

fulltrúa. Þannig er skólum veitt ákveðið svigrúm til að móta sínar skólareglur en þeim ber þó ávallt að fara eftir fyrirmælum í lögum. Einnig þurfa skólareglur ávallt að taka mið af því sem nemendum er fyrir bestu og vera í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans. Þannig er t.d. ljóst að líkamlegar refsingar

10
ára drengur: „Í [...] þú er gamall kennari sem er alltaf að seigja ég sé himskur og þroskaheftur og er alltaf að seigja það ef maður talar og það var lokað mig inni í fríminútum og var lokað mig inni. í 6 mániði og mátti aldrei vera í fríminótum og þurfti að vera á skólabókasafninu. er greindur með adhd mer finst eins og ekkert sé tekið tilít til þess.“



15

ára drengur:

„Með eftirsetu má hafa eftirsetu í einum skóla og hinum ekki og allir skólarnir eru í sama bænum má það? (Er það ekki ranglátt)“

Skólareglur verða ávallt að vera með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisu nemenda og miða að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þeirra og er það í samræmi við álit Barnaréttarnefndar Sameinuðu

þjóðanna. Viðurlög við brotum nemenda eiga frekar að vera þáttur í menntun þeirra en „refsing“ og ber að stuðla að almennum áhuga barna á menntun sinni. Þurfa agaviðurlög því að hafa það markmið að styrkja sjálfsmynd nemenda og hafa uppbyggileg og jákvæð áhrif. Einnig má hafa hliðsjón af þeim ákvæðum Barnasáttmálans sem fjalla um afbrot ungmenna en þau ákvæði ganga út frá því að viðbrögð við brotum ungmenna eiga fyrst og fremst að hafa það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og hafa uppbyggileg og jákvæð áhrif.

15

ára drengur: „Mér

finnst það ætti að breyta þessum grunnskólareglum og endurnýja þær. Mér finnst líka það allir skólur eru JAFNIR sem sagt með sömu reglur á öllu Íslandi ekki einn skóli er með svona reglur og þessi með þessar reglur. Mér finnst þetta svo mikið óréttlæti að aðrir vinir mínar meiga 1 sinum skóla og ég má það ekki í mínum. Ertu nokkuð sammála? Þetta er það sem mér finnst!!!!“

Samkvæmt framansögðu er mikilvægt að veita nemendum sem sýna slæma hegðun í skóla eða lélega ástundun viðeigandi stuðning og reyna að koma skólagöngu þeirra í rétt horf. Mikilvægt er að samræmi ríki á milli þess agabrots sem nemandi gerist sekur um og þeirra viðurlaga sem liggja við því, þ.e. mikilvægt er að meðalhófs sé ávallt gætt. Er því aldrei heimilt að beita þyngri

viðurlögum en nauðsyn ber til. Harkaleg viðbrögð innan grunnskólans geta haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd nemenda og dregið úr vilja hans til bættrar hegðunar.

Dæmi eru um að skólar útiloki nemendur sjálfkrafa úr félagsstarfi ef þeir fá ákveðinn fjölda punkta og þykir það samrýmast illa ofangreindum sjónarmiðum. Þátttaka barna í skólasamfélaginu og því félagsstarfi sem fylgir er þáttur í menntun þeirra. Þau agaviðurlög að fá sjálfkrafa ekki að taka þátt í félagsstarfi vegna ákveðins fjölda punkta eru ekki til þess fallin að hafa uppbyggileg áhrif heldur geta þvert á móti stuðlað að neikvæðum viðhorfum til skólasamfélagsins og aukið á vandamál nemenda. Ósveigjanlegar og íþyngjandi reglur henta auk þess almennt illa innan grunnskólans, enda eru nemendur ólíkir. Þó svo að agaviðurlög þurfi að sjálfsgöðu að vera fyrirsjáanleg mega þau ekki vera þannig að ekkert tillit sé tekið til

16

ára drengur:

„Má kennari gefa manni fjarvist ef maður mætir í tímann og er búinn að vera í tímanum í 15 mín og má kennarinn henda manni út og gefa manni fjarvist?“

Skólareglur verða ávallt að vera með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisu nemenda og miða að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þeirra og er það í samræmi við álit Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Viðurlög við brotum nemenda eiga frekar að vera þáttur í menntun þeirra en „refsing“ og ber að stuðla að almennum áhuga barna á menntun sinni. Þurfa agaviðurlög því að hafa það markmið að styrkja sjálfsmynd nemenda og hafa uppbyggileg og jákvæð áhrif. Einnig má hafa hliðsjón af þeim ákvæðum Barnasáttmálans sem fjalla um afbrot ungmenna en þau ákvæði ganga út frá því að viðbrögð við brotum ungmenna eiga fyrst og fremst að hafa það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og hafa uppbyggileg og jákvæð áhrif.

aðstæðna hvers og eins. Eftir því sem agaviðurlög eru meira íþyngjandi fyrir nemendur þeim mun meiri þörf er á því að meta hvert tilvik fyrir sig. Þá verður ávallt að hafa meðalhófsregluna í huga og beita aldrei þyngri viðurlögum en nauðsyn ber til. Annað er ekki í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans.

Vegna þeirra ábendinga sem umboðsmanni barna bárust varðandi agaviðurlög í skólum hafði hann samband við mennta- og menningarmálaráðuneytið og vildi koma því á framfæri að þörf væri á skýrari reglum varðandi agaviðurlög í grunnskólum. Þá kom í ljós að verið var að vinna að nýrri reglugerð um ábyrgð nemenda sem fjallaði einmitt um agaviðurlög í skólum. Fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og umboðsmanni barna héldu því fund og skilaði umboðsmaður inn skriflegri umsögn í kjölfarið þar sem hann áréttaði framangreind sjónarmið. Umboðsmanni barna voru síðan send drög að fyrrgreindri reglugerð um ábyrgð nemenda og kom þá í ljós að tekið var mark á ýmsu sem umboðsmaður barna hafði sett fram í fyrri umsögn sinni. Umboðsmaður barna skilaði síðan inn öðrum og þriðju athugasemdum vegna reglugerðarinnar auk þess sem ráðgjafarhópur umboðsmanns barna veitti umsögn. Ráðgjafarhópurinn var ánægður með reglugerðina en vildi koma því á framfæri að afar mikilvægt væri að kynna reglugerðina fyrir nemendum í skólum, kennurum og öðru starfsfólki innan skólans. Umboðsmaður mun fylgja málinu eftir á komandi ári.

FRÆDSLUSKYLDA

Fræðsluskylda framhaldsskóla nær til 18 ára aldurs, eins og fram kemur í fyrirnefndri 32. gr. laga um framhaldsskóla. Nemendum er þó ætlað að virða þær skyldur sem fylgja námsvist í framhaldsskóla, en þær lúta að skólasókn, hegðun og umgengni, námsmati, framvindu og prófreglum, að skólareglur séu virtar o.s.frv. Mikilvægt er að framhaldsskólar geri sér grein fyrir skyldum sínum í þessum

Foreldri hringdi vegna

17 ára nemanda sem varð fyrir andlegu áfalli og missti mikið úr skóla. Hann fékk vottorð sálfræðings en framhaldsskólinn tók ekki við því vegna þess hversu seint það barst.

16

ára drengur

hafði samband við umboðsmann barna og kvartaði undan skólastjóra sem var dónalegur við nemendur sína og hótaði þeim. Einnig spurði hann hvort það væri einhvers regla á öllu menntasviði Íslands sem segi að skólastjóri geti ráðið því hvernig fólk klæði sig inni á skrifstofunni sinni.

efnum og hafi ávallt hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Á það til dæmis við þegar tekin er ákvörðun um að vísa nemenda úr

Foreldri hringdi vegna nemanda í framhaldsskóla sem var 17 ára. Nemandinn hafði átt við veikindi að stríða en framhaldsskólinn neitaði að taka við vottorði frá honum. Þar af leiðandi var honum neitað um áframhaldandi skólavist vegna mætingar.

skóla, (eins og reglulega reynir á í erindum til umboðsmanns barna).

Ákvarðanir framhaldsskóla um skólavist má kæra til menntamálaráðuneytisins.

Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um að það taki langan tíma að leysa úr slíkum málum, sem getur leitt til þess að barn sé án skólavistar í lengri tíma. Umboðsmaður barna hefur bent ráðuneytinu á mikilvægi þess að bregðast skjótt og örugglega við slíkum málum og leitast við að leysa úr þeim eins fljótt og hægt er.

JÖFNUNARSTYRKUR

Umboðsmanni barna bárust athugasemdir varðandi fyrirkomulag jöfnunarstyrkja. Af því tilefni sendi umboðsmaður mennta- og menningarmálaráðherra bréf þar sem hann vakti athygli á því málefni. Í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um að öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Með almennri menntun er átt við aðra menntun en sérnám og fellur því bæði nám í grunnskóla og framhaldsskóla þar undir. Nánar er fjallað um inntak þeirrar menntunar sem ríkinu ber að veita í 28. gr. Barnasáttmálans, en þar kemur m.a. fram að aðildarríki skuli gera ráðstafanir til að veita ókeypis framhaldsmenntun og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hana

þurfa. Meginreglan er því sú að framhaldsskólamenntun eigi að vera ókeypis og standa öllum til boða, án mismununar af nokkru tagi.

Í samræmi við 28. gr. Barnasáttmálans er mikilvægt að tryggja að börn geti nýtt þennan rétt sinn án þess að því fylgi verulegur kostnaður. Til að koma til móts við þá nemendur sem eiga lögheimili fjarri framhaldsskóla veitir ríkið jöfnunarstyrk. Hins vegar eiga aðeins börn sem eru íslenskir ríkisborgarar, ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og ríkisborgarar þeirra ríkja sem íslenska ríkið hefur gert þjóðarréttarsamning við kost á slíkum styrk. Er því ljóst að lítil hópur nemenda sem koma ekki frá ofangreindum ríkjum getur ekki sótt um jöfnunarstyrk, jafnvel þó að þeir hafi búið á Íslandi í mörg ár og sótt hér grunnskólanám. Reglur um úthlutun jöfnunarstyrks fela því í sér mismunun á grundvelli ríkisfangs sem brýtur í bága við 2. gr. Barnasáttmálans. Slíkt gengur einnig í berhöggi við það markmið ríkisins að draga úr brottfalli innflytjenda frá námi, eins og meðal annars var lögð áhersla á í síðustu lokaathugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Barnasáttmálans hér á Íslandi.

Umboðsmaður barna hvatti mennta- og menningarmálaráðherra til þess að bregðast við þessari mismunun og stuðla að því að öllum nemendum, sem útskrifast úr grunnskóla hér á landi og eiga lögheimili fjarri framhaldsskóla, byðist jöfnunarstyrkur, óháð ríkisfangi. Umboðsmaður barna mun fylgja málinu eftir á komandi ári.



RÉTTINDI NEMENDA Í FRAMHALDSSKÓLA

Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af brottfalli nemenda úr framhaldsskólum og liðan þess hóps sem á erfitt með að fóta sig innan framhaldsskólakerfisins. Við athugun umboðsmanns hvað varðar réttindi framhaldsskólanema kom í ljós að reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990 kveður á um ýmis réttindi og ábyrgð nemenda og skólastjórnenda í framhaldsskólum. Nýrri lög og reglugerðir hafa komið í stað ákvæða fyrrgreindrar reglugerðar að miklu leyti á meðan önnur ákvæði ættu að halda gildi sínu, svo framarlega sem þau stangast ekki á við nýrri lög og reglugerðir. Þar sem þessi reglugerð hefur ekki verið felld brott ætti hún því að gilda um þau atriði sem nýrri lagaheimildir fjalla ekki um.

Í umræddri reglugerð um framhaldsskóla er að finna ákvæði um atriði sem ekki er vikið að í lögnum, sem varða t.d. umsjónarkennara og sálfræðipjónustu. Ítarleg ákvæði um ábyrgð náms- og starfsráðgjafa eru mikilvæg til að þjónusta við þennan hóp sé vönduð og gagnleg og vonar umboðsmaður að ákvæði um náms- og starfsráðgjafa í nýrri reglugerð með heimild í 8. gr. núgildandi laga verði a.m.k. jafn ítarleg og 9. gr. reglugerðar nr. 1100/2007. Þó þarf stundum fleira að koma til en þjónusta náms- og starfsráðgjafa til að tryggja þeim nemendum sem þurfa



aðstoð góða og faglega þjónustu þannig að þeim líði vel í skólanum, geti náð árangri í náminu og tekið þátt í félagslífi skólans.

Af þessu tilefni sendi umboðsmaður barna bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í september 2010 til að leita svara við spurningum vegna framhaldsskólanema. Í fyrsta lagi óskaði umboðsmaður eftir því að fá úr því skorið hvort reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990 verði felld úr gildi eða ekki og, ef reglugerðin verði felld á brott, hvernig ráðuneytið ætli að tryggja nemendum sambærilegan eða betri rétt varðandi þjónustu og aðstoð umsjónarkennara, þjónustu sálfræðinga og aðstoð félagsráðunauts. Að lokum spurðist umboðsmaður fyrir um það hvernig ráðuneytið muni háttta eftirliti með ákvæðum reglugerðarinnar verði hún ekki felld brott og hvernig hún verði kynnt stjórnendum framhaldsskólanna.

Engin svör hafa borist frá ráðuneytinu en umboðsmaður barna mun halda áfram að fylgja þessu máli eftir og stuðla að því að réttur framhaldsskólanema verði tryggður að þessu leyti.

HVERFASKIPTING VIÐ INNTRITUN Í FRAMHALDSSKÓLA

Á árinu 2010 tóku gildi nýjar reglur um innritun í framhaldsskóla, þannig að framhaldsskólar eiga nú að veita nemendum í grunnskólum í þeirra nágrenni forgang um skólavist í að lágmarki 45% tilvika. Umboðsmaður barna varð var við mikla óánægju vegna þessarar hverfisskiptingar við innritun í framhaldsskóla og fékk m.a. fyrirspurnir um það hvort umræddar reglur brjóti gegn jafnræði nemenda. Þá var hverfisskipting við innritun í framhaldsskóla mikið rædd af meðlimum ráðgjafarhópsins og sendu þeir m.a. bréf til menntamálaráðherra þar sem þeir lýstu yfir óánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Sjá nánar í umfjöllun um ráðgjafarhóp umboðsmanns barna.

Umboðsmaður barna veltir því fyrir sér hvort umræddar reglur séu raunverulega í samræmi við hagsmuni nemenda, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans og hvort tekið hafi verið tillit til sjónarmiða þeirra við setningu reglnanna, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Umboðsmaður barna hefur einnig áhyggjur af því að innritunarreglurnar muni takmarka möguleika stórs hluta nemenda til þess að velja sér skóla við hæfi. Verið er að endurskoða umræddar reglur og eiga tvö ungmenni úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna sæti í samráðshópi um þessi mál hjá menntamálaráðuneytinu. Umboðsmaður barna mun fylgjast með málinu á næsta ári.

FJÖLSKYLDUMÁLEFNI



Ljóst er að fjölskyldan og málefni hennar skipta miklu máli fyrir velferð barna. Á hverju ári berst umboðsmanni barna fjöldi erinda sem snerta fjölskylduna með einum eða öðrum hætti, svo sem varðandi forsjá, umgengni og búsetu. Á undanförunum árum hafa auk þess borist mun fleiri erindi en áður sem varða greiðslu- og skuldaerfiðleika foreldra. Umboðsmaður barna hefur miklar áhyggjur af börnum þeirra foreldra sem eiga við fjárhagsvanda að stríða. Af því tilefni óskaði hann eftir fundi með umboðsmanni skuldara til að ræða stöðu þessara barna og fjölskyldna þeirra og er stefnt að því að funda í byrjun ársins 2011.

Á árinu 2010 hefur umboðsmaður barna fjallað um fjölmörg mál sem varða fjölskylduna og hefur hann lagt sérstaka áherslu á rétt barns til þess að þekkja foreldra sína og umgangast þá báða, eins og fram kemur í eftirfarandi umfjöllun.

RETTUR BARNIS TIL AÐ ÞEKKJA UPPRUNA SINN

Mikilvægt er að tryggja rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Í 2. mgr. 4. gr. laga um tæknifrjógungun nr. 55/1996 er kynfrumugjafa tryggð nafnleynd. Réttur barna til að

þekkja uppruna sinn er því ekki tryggður í íslenskum lögum að þessu leyti.

Börnum sem eru ættleidd er tryggður réttur til þess að fá upplýsingar um kynforeldra sína, sbr. 27. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Í lögum um ættleiðingar er jafnframt lögð skylda á kjörforeldra að segja kjörbarni frá því að það sé ættleitt jafnskjött og það hefur þroska til og aldrei síðar en við 6 ára aldur, sbr. 26. gr. laganna. Engin sambærileg regla er til staðar í lögum um tæknifrjógungun. Veita íslensk lög því börnum sem eru ættleidd rétt til að þekkja uppruna sinn en ekki börnum sem getin eru með tæknifrjógungun. Er því mikilvægt að mati umboðsmanns barna að réttarstaða barna sem getin eru með tæknifrjógungun verði styrkt. Umboðsmaður barna kom þessum sjónarmiðum á framfæri á árinu 2010, m.a. í umsögn til Alþingis og í skýrslu til Barnaréttarnefndarinnar.

BÖRN FANGA

Um mitt árið 2010 ákvað umboðsmaður barna að kynna sér hagi barna sem eiga foreldri í fangelsi. Ljóst er að það hefur mikil áhrif á daglegt líf barns, ef annað foreldri situr í fangelsi. Kveðið er á um það í 3. mgr. 34. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 að forstöðumanni

fangelsis beri að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið í heimsókn til nákominna aðila og að þeim sé sýnd nærgætni. Föngum er í flestum tilvikum heimilt að fá heimsókn einu sinni í viku í 2 til 3 klst. í senn. Umboðsmaður barna heimsótti öll fangelsin á landinu, að Kvíabryggju undanskilinni, sumarið 2010 í því skyni að kanna hvernig heimsóknaraðstöðu er háttað í fangelsum á Íslandi. Í þeirri athugun kom í ljós að heimsóknaraðstaða er mismunandi og alls ekki fullnægjandi í öllum tilvikum. Þannig er algengast að heimsóknir fari fram í litlum herbergjum innan fangelsis og þykir sú aðstaða ekki barnvænleg.

Umboðsmaður barna hefur ávallt lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans þar sem börnum er tryggður sá réttur að láta skoðanir sínar í ljós í þeim málum sem það varðar og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Í ljósi þess hefur umboðsmaður barna óskað eftir því að komast í samband við börn fanga eða fólk sem hefur reynslu af því að eiga foreldri í fangelsi í samvinnu við fangelsismálayfirvöld og Vernd, félag fanga, og biður nú svara. Mun sú vinna vonandi halda áfram á næsta ári.

UMGENGNI

Umgengnisréttur er mikilvægur grundvallarréttur barns. Er því brýnt að hægt sé að leysa úr ágreiningi um umgengni með vönduðum og fljótlegum hætti. Eins og staðan er í

dag tekur oft marga mánuði að leysa úr umgengnismálum hjá sýslumönnum og á meðan fer engin umgengni fram. Brýnt er að auka málshraða í þessum málum án þess að það bitni á faglegum vinnubrögðum. Þegar djúpstæður ágreiningur er til staðar í umgengnismálum þarf sýslumaður að leita eftir álit barnaverndar, en slíkt getur tekið langan tíma. Æskilegt væri að sýslumenn hefðu sjálfir sérfræðinga sem gætu gert athuganir áður en kveðinn er upp úrskurður í umgengnisdeilu. Slíkt myndi bæta sérfræðipækkingu innan sýslumannsembættanna og auka málshraða til muna. Umboðsmaður barna fundaði á árinu með dómsmála- og mannréttindaráðherra og kom þessum sjónarmiðum á framfæri.

AÐFARARGERÐIR

Undanfarin tvö ár hafa umboðsmanni barna borist nokkrar athugasemdir varðandi framkvæmd aðfarargerða á börnum. Í þeim athugasemdum var bent á að ekki hafi verið nægilega vel hugað að hagsmunum barna þegar grípa þurfti til slíkra aðgerða. Umboðsmaður ákvað því í framhaldi af þessum athugasemdum að gera heildarúttekt á beitingu úrræðisins frá gildistöku barnalaga nr. 76/2003.

Frá því barnalög nr. 76/2003 tóku gildi hefur verið hægt að koma á umgengni með beinni aðfaragerð að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Umboðsmaður barna telur beitingu slíks þvingunarúrræðis mjög vandasama með hliðsjón af





hagsmunum barnsins og telur einungis réttlæt看legt að grípa til hennar í sérstökum undantekningartilvikum. Í þessum málum sem og öðrum leggur umboðsmaður ríka áherslu á að tekið sé tillit til hagsmuna barnsins sem og vilja þess, með hliðsjón af aldri þess og þroska.

Athugun umboðsmanns barna á árinu 2009 leiddi í ljós að aðfarargerðir á börnum eru afar fátíðar. Hins vegar fara þær fram og í þeim tilvikum er um að ræða umtalsvert inngrip í líf barna. Áréttar umboðsmaður því mikilvægi þess að fara varlega við framkvæmd slíkra gerða og gæta þess að þær valdi börnum sem minnstri röskun og álagi. Í framkvæmd virðist skorta á að slíkar gerðir séu nægilega vandaðar og að þeir aðilar sem taka þátt í þeim þekki hlutverk sitt.

Þann 11. febrúar 2010 boðaði umboðsmaður barna til fundar með þeim aðilum sem koma að slíkum gerðum. Á fundinn mættu fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu, Barnaverndarstofu, Barnavernd Reykjavíkur, sýslumanninum í Reykjavík, sýslumannafélagi Íslands og Lögreglustjórafélagi Íslands. Einnig mætti Hrefna Friðriksdóttur, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Niðurstaða fundarins var að þörf væri á verklagsreglum um framkvæmd aðfarargerða, þar sem hlutverk hvers aðila sem er viðstaddur gerðina er skilgreint. Slíkar reglur eru sérstaklega mikilvægar vegna þess hve fátíðar aðfarargerðir á börnum eru. Eru því líkur á því að aðila skorti reynslu af framkvæmd þeirra.

Í kjölfar fundarins sendi umboðsmaður barna dómsmála- og mannréttindaráðherra bréf og hvatti til þess að settar verði verklagsreglur um framkvæmd aðfarargerða og þær unnar í samstarfi við þá aðila sem koma að slíkum gerðum. Nokkru síðar fór umboðsmaður barna á fund með dómsmála- og mannréttindaráðherra þar sem fyrirkomulag aðfarargerða á börnum var rætt. Þar kom fram að verið er að vinna að reglum sem skulu gilda um aðfarargerðir á börnum. Umboðsmaður barna mun fylgjast með málinu á komandi ári.

HJÁLPARTÆKI

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar þess efnis að fötluð börn njóti í ákveðnum tilvikum ekki sama réttar og önnur börn. Sem dæmi um slíkt má nefna að Tryggingastofnun útvegar þeim börnum sem á þurfa að halda hjálpartæki á lögheimili sitt. Þegar foreldrar barna búa ekki saman er því ekki veittur styrkur til að kaupa hjálpartæki nema hjá öðru foreldrinu. Slíkt getur takmarkað verulega rétt fatlaðra barna til þess að umgangast báða foreldra sína og er jafnræði barna því ekki tryggt að þessu leyti, sbr. 2. gr. Barnasáttmálans. Núgildandi reglur takmarka verulega rétt fatlaðra barna til að umgangast báða foreldra sína. Umboðsmaður barna telur nauðsynlegt að lög og reglur taki tillit til þess þegar foreldrar barna búa ekki saman og tryggi að fötluð börn njóti sama réttar og önnur börn til samveru við foreldra sína.

RÉTTUR BARNIS TIL AÐ HAFA ÁHRIF Á ÁKVÖRÐUN UM DVALARSTAÐ EÐA UMGENGNI

Umboðsmanni barna bárust þó nokkur erindi frá börnum og fullorðnum sem leituðu annars vegar upplýsinga um hvaða reglur giltu um dvalarstað eða lögheimili barna þegar foreldrar hafa slitið hjúskap eða samvistir og hins vegar upplýsinga um hvort að börn gætu sjálf ráðið hvort þau færu í umgengni.

Dvalarstaður

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 felur forsjá barns í sér þann rétt og skyldur foreldra til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað. Meginreglan er sú að báðir foreldrar fara með sameiginlega forsjá barns þegar foreldrar þess eru í hjúskap og í skráðri sambúð. Sama meginregla gildir

eftir skilnað og slit skráðrar sambúðar foreldra. Foreldrar skulu þó ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu, sbr. 31. gr. barnalaga. Foreldrum ber því að semja um lögheimili barns en sé það ekki mögulegt er

dómstólum falið ákvörðunarvald um það. Af framangreindu leiðir því að barn getur ekki ákveðið sjálft hvar það býr og hvort það flytur frá því foreldri sem það býr hjá. Barnið sjálft á þó rétt á að tjá sig ef það er talið fært um það miðað við aldur og þroska, sbr. 6. mgr. 28. gr. barnalaganna, og taka skal stigvaxandi tillit til skoðana barna eftir því sem þau eldast og þroskast. Ef barn vill

flytja til annars foreldris en það býr hjá verða foreldrar þess að komast að samkomulagi um það eða leita til dómstóla.

Umgengni

Samkvæmt 46. gr. barnalaga á barn rétt á að umgangast með reglubundnum hætti

Stúlka segir frá erfiðum samskiptum við mömmu og stjúpabba og veltir upp þeirri spurningu hvort það væri ekki betra að flytja til pabba síns og stjúpömmu sem henni lyndir vel við.

það foreldri sem það býr ekki hjá, sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Í lögnum er þó ekki tekið fram hversu mikil sú umgengni skuli vera. Inntak umgengni ræðst því fyrst og fremst af samkomulagi milli foreldra. Börn eiga þó rétt á að láta skoðanir sínar í ljós við ákvarðanir sem

þessar og ber foreldrum að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til, sbr. 6. mgr. 28. gr. barnalaga. Síðari málsliður sömu greinar kveður á um að afstaða barns skuli fá aukið vægi

eftir því sem barnið eldist og þroskast. Þegar foreldrar geta ekki komið sér saman um umgengni er hægt að leita til sýslumanns og óska eftir úrskurði. Sýslumaður tekur ákvörðun um hvernig umgengni skuli háttað út frá því sem er barninu fyrir bestu hverju sinni. Sýslumanni ber einnig að líta til vilja barnsins áður en hann tekur ákvörðun, sbr. 1. mgr. 43. gr. barnalaga. Sama regla gildir hér og að ofan, afstaða barns fær

aukið vægi með aldri þess og þroska. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður barna bent á nauðsyn þess að taka aukið tillit til vilja og hagsmuna barns og ávallt meta það í hverju tilviki fyrir sig hvað sé barni fyrir bestu.

16

Ára stúlka spyr hvort hún hafi rétt á því að velja hvort hún vilji vera hjá mömmu sinni og pabba, þ.e. hvort hún getur sleppt því að fara í umgengni til pabba síns.

Hvað þurfa börn að vera gömul til að ráða sjálf hvort þau fari í umgengni?

14

Ára stúlka spyr hvort hún hafi rétt til þess að flytja til pabba síns frá mömmu sinni sem er með fulla forsjá.

15

Ára drengur leitaði aðstoðar umboðsmanns barna því að pabbi hans vill ekki leyfa honum að hitta mömmu sína sem býr í útlöndum, þ.e. vill bara að umgengni eigi sér stað hér á landi.

Faðir

vill færa lögheimili dóttur sinnar til sín þar sem móðir er í óreglu.

11

Ára stúlka leitaði til umboðsmanns vegna fyrirhugaðs flutnings til útlanda með móður sinni en hún vildi vera á Íslandi með föður.

BÖRN SEM KOMAST Í KAST VIÐ LÖGIN

Þó svo að börn verði sakhæf 15 ára gilda ýmis sérsjónarmið um afbrot barna á aldrinum 15 til 18 ára. Allar þær aðgerðir sem beinast að börnum sem komast í kast við lögin skulu miða að því hvað sé börnunum fyrir bestu. Mikilvægt er að þær aðgerðir miði fyrst og fremst að betrun fremur en refsingu. Í slíkum tilvikum er því hægt að beita úrræðum eins og ákærufrestun, sáttamiðlun, frestun á ákvörðun refsingar og skilorðsbundnum dómum. Þó svo að þessi úrræði geti í ákveðnum tilvikum hentað vel þegar börn komast í kast við lögin er ljóst að þau virka ekki alltaf sem skyldi.

ÚRRÆÐI TIL AÐ TAKAST Á VIÐ AFBROT BARNA

Á árinu fór umboðsmaður barna á fund með Fangelsismálastofnun og Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu til þess að ræða þau úrræði sem eru til staðar til þess að taka á afbrotum barna. Í ljós kom að oft er notast við skilorðsbundna dóma og ákærufrestun, sem eru almennt ekki til þess fallin að hafa uppbyggileg áhrif og krefjast þess ekki að viðkomandi horfist í augu við afleiðingar gjörða sinna. Áður fyrr voru þessi úrræði oft bundin sérstökum skilyrðum sem fangelsismálayfirvöld höfðu eftirlit með og var það fyrirkomulag talið gagnast vel. Í dag er hins vegar mjög sjaldgæft að dómur eða ákærufrestun séu bundin raunverulegum skilyrðum. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að koma þessum málum aftur í fyrra horf til að veita ungmönnum aukinn stuðning og aðhald.

Sáttamiðlun er eitt þeirra úrræða sem er notast við til að bregðast við afbrotum sakhæfra ungmenna. Þegar sáttamiðlun er beitt eru aðilar leiddir saman og leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotþola. Lögreglan hefur lýst því yfir að verið sé að vinna í að þróa og endurbæta úrræðið á höfuðborgarsvæðinu og fagnar umboðsmaður barna því. Hins vegar hefur umboðsmaður áhyggjur af því að málum sem fá þessa meðferð hafi fækkað eitthvað undanfarið. Sömuleiðis hefur sáttamiðlun ekki verið eins virk á landsbyggðinni, en umboðsmaður telur mikilvægt að styrkja úrræðið um allt land.

AÐSKILNAÐUR BARNA FRÁ ELÐRI FÖNGUM

Eitt af því sem umboðsmaður barna gagnrýndi einna mest í skýrslu sinni til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna er staða sakhæfra barna í fangelsum. Staðreyndin er sú að mjög fá sakhæf börn sitja í fangelsi á Íslandi. Það er þó áhyggjuefni að þegar svo háttar til eru börn ekki aðskilin frá fullorðnum föngum í fangelsum, eins og kveðið er á um í c-lið 37. gr. Barnasáttmálans. Ísland setti fyrirvara um fyrrnefnda grein sökum þess að aðskilnaður á Íslandi er ekki bundinn í lög. Hins vegar er lögfest að taka skuli tillit til aldurs fanga þegar afplánunarstaður er ákveðinn. Í gildi er samkomulag milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu sem gengur út á að börn, sem hafa verið dæmd í óskilorðsbundið fangelsi, afpláni dóminn á meðferðarheimili. Slík afplánun er þó háð samþykki viðkomandi barns og því að meðferðarheimili á vegum Barna-



verndarstofu geti tekið á móti því. Þessi skipan tryggir því ekki alfarið að börn séu aðskilin frá eldri föngum sé það þeim fyrir bestu. Dæmin sýna að það eru ávallt einhverjir sem kjósa að taka út refsingu sína í fangelsi frekar en á meðferðarheimili, en ljóst er að slíkt er almennt ekki í samræmi við hagsmuni þeirra. Umboðsmanni barna þykir því æskilegt að samkomulaginu við Barnaverndarstofu verði breytt þannig að hægt verði að vista barn á meðferðarheimili án samþykkis þess eða að dómara verði beinlínis fengin heimild til að dæma einstakling til afplánunar á meðferðarheimili. Umboðsmaður barna mun halda áfram að beita sér fyrir breytingu á þessu sviði til þess að íslensk löggjöf verði í fullu samræmi við Barnasáttmálann og verði þar af leiðandi hægt að lögfesta hann. Í því sambandi má nefna að dómsmála- og mannréttindaráðherra skipaði vinnuhóp til þess að skoða afplánun fanga á aldrinum 15 til 18 ára. Hópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðuneytisins í júní 2010 og tekur umboðsmaður barna undir tillögur nefndarinnar og vonar að brugðist verði við þeim á komandi ári.⁵

Foreldri spurðist fyrir um aðferðir lögreglu. Tveir lögreglumenn komu í skólann, þar sem rætt var við barn sem var grunað um afbrot og það síðan leitt niður á lögreglustöð.

Seinni hluta sumars 2010 kannaði umboðsmaður barna aðstæður barna sem hafa komist í kast við lögin og hvernig þjónusta við þau er háttað. Þó að ungir fangar fái meiri aðstoð fangelsismálayfirvalda en aðrir fangar er þjónusta við þá ekki fullnægjandi að mati umboðsmanns barna. Lítil sem engin samvinna er á milli barnaverndaryfirvalda og fangelsismálayfirvalda þegar barn er dæmt til fangelsisvistar og afplánar refsingu í fangelsi í stað meðferðarheimilis. Þannig virðist barnavernd ekki hafa neitt eftirlit með börnum sem sitja í fangelsi. Þegar ungir fangar ljúka afplánun eru auk þess engin sérstök úrræði eða þjónusta í boði til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu á ný, hvort sem þeir eru ennþá börn eða ekki. Þessi börn eða ungmenni þurfa að standa á eigin fótum og er því hætta á að þau misstigi sig fljótt aftur. Nauðsynlegt er að veita ungum föngum viðeigandi aðstoð og endurhæfingu til að efla sjálfsmynd þeirra og hjálpa þeim að verða góðir samfélagsþegar.

Umboðsmaður barna fundaði með félags- og tryggingamálanefnd þar sem rætt var um frumvarp til barnaverndarlaga. Á fundinum voru málefni barna í fangelsum meðal annars rædd og báðu nefndarmenn umboðsmann um að koma með tillögu að því hvar í barnaverndarlögunum væri best að fjalla um þessi málefni. Umboðsmaður telur að skerpa megi á orðalagi núverandi 3. mgr. 20. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skyldur fangelsismálayfirvalda og

lögreglu til að hafa samstarf við barnaverndarnefndir. Unnt væri að skerpa á orðalaginu og taka einnig fram að barnaverndarnefnd beri skylda til að vera í samvinnu við fangelsismálayfirvöld, t.d. í þeim tilvikum sem barn situr í fangelsi. Einnig telur umboðsmaður barna rétt að kveðið sé á um upplýsingaskyldu fangelsismálayfirvalda til barnaverndarnefnda í þeim tilvikum sem barn undir 18 ára aldri lýkur afplánun. Í slíkum tilvikum væri æskilegt að mati umboðsmanns barna að fangelsismálayfirvöld og barnavernd ynnu saman að því að tryggja barni viðeigandi úrræði og hjálpa því að aðlagast samfélaginu á ný. Loks telur umboðsmaður barna mikilvægt að í lögum um fullnustu refsinga nr. 47/2005 sé einnig áréttað að samstarf skuli ríkja milli fangelsismálayfirvalda og barnaverndaryfirvalda.

VERKLAG LÖGREGLU

Nokkrir foreldrar höfðu samband við umboðsmann barna og kvörtuðu undan aðferðum lögreglu þegar börn þeirra voru grunuð um að hafa brotið af sér.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að lögreglan gæti meðalhófs í störfum sínum og hagi þeim á þann hátt að það sé viðkomandi barni fyrir bestu. Lögreglan verður að sýna varfærni þegar börn komast í kast við lögin, hvort sem þau eru sakhæf eða ekki. Umboðsmaður barna telur brýnt að lögreglan samræmi aðgerðir sínar þegar kemur að því hvernig skuli bregðast við afbrotum barna og gæti þess að athafnir hennar séu í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu. Umboðsmann barna langar að beita sér fyrir því að gerðar verði leiðbeiningar fyrir lögreglu í störfum sínum á komandi ári.

Faðir spyr hvort barnavernd hefði átt að vera boðuð á staðinn þegar dóttir hans gaf skýrslu hjá lögreglu.

NAFNBIRTING

Umboðsmaður barna hefur um nokkurt skeið haft áhyggjur af nafnbirtingu barna sem hafa komist í kast við lögin. Hafa ber í huga að börn eru viðkvæmari en fullorðin fólk og liggur það því í augum uppi að veita beri þeim aukna vernd. Ætla má að börn sem komast í kast við lögin þurfi frekar á auknum stuðningi að halda heldur en að samfélagið snúist gegn þeim. Á árinu bærust umboðsmanni barna erindi varðandi nafnbirtingar á börnum í dómum annars vegar og nafnbirtingu í fjölmiðlum hins vegar.

Skýrslan er aðgengileg á vef innanríkisráðuneytisins: http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_vinnuhops_31.05.10.pdf.

Foreldri hafði samband og sagði frá því að lögreglan hefði farið og sótt nemendur úr skólanum vegna afbrots. Foreldrar og barnavernd voru ekki látin vita. Lögreglan sagði að þetta hefði bara verið spjall en börnin játuðu brot.

Þegar kemur að nafnbirtingu í dómum virðist lítið samræmi hafa verið þar. Dæmi eru um að nafnleyndar hafi verið gætt um fullorðinn vændiskaupanda en nafn pilts á átjándi aldursári hafi verið birt er hann var sakfelldur fyrir vörslu á barnaklámi. Umboðsmaður barna gagnrýndi það að nafnleyndar væri almennt ekki gætt sérstaklega í málum barna sem komast í kast við lögin. Í því sambandi benti hann á að 3. mgr. 16. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 gæti vel átt við í málum þeirra, en þar kemur fram að heimilt sé, ef sérstök ástæða er til, að afmá úr dómum eða öðrum úrskurðum atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til einkahagsmuna, þegar þeir eru birtir opinberlega. Í lok árs 2010 gaf dómstólaráð út reglur um birtingu héraðsdóma á heimasíðu héraðsdómstólanna, en þar er m.a. tekið fram að gæta skuli nafnleyndar í sakamálum þar sem dómfelldu eru yngri en 18 ára. Umboðsmaður barna fagnar þessari breytingu og telur að hún muni verða til hagsbóta fyrir þau börn sem brjóta af sér.

Foreldri hringir vegna húsleitar sem gerð var hjá sakhæfu barni. Barnið var síðan fært á lögreglustöð þar sem það fékk ekkert að borða í 6 klukkustundir þar til það var yfirheyrð.

Hvað varðar nafnbirtingar í fjölmiðlum er mikilvægt að fjölmiðlar geri sér grein fyrir skyldum sínum gagnvart börnum og hugi vel að vernd barna þegar þeir fjalla um þau. Umboðsmaður barna telur að þegar barn kemst í kast við lögin beri fjölmiðlum að vernda þau í stað þess að birta nöfn og myndir. Ef umfjöllun um börn er mjög neikvæð og meiðandi getur það haft afar slæm áhrif á sjálfsmynd þeirra og velferð. Ekki verður séð að nafnbirting þjóni neinum hagsmunum og minnir umboðsmaður barna því á að allar ákvarðanir verði að vera í samræmi við hagsmuni barnsins. Á árinu 2011 hyggst umboðsmaður barna vinna enn frekar að úrbótum í þessum málum.

ÓSAKHÆF BÖRN

Umboðsmanni barna berast reglulega erindi varðandi ósakhæf ungmenni sem brjóta af sér. Umboðsmaður barna hefur bent á að sáttamiðlun sé úrræði sem samrýmist vel ákvæðum Barnasáttmálans um viðbrögð við brotum barna og til þess fallið að hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif. Umboðsmaður hefur mælt með því að úrræðið verði styrkt enn frekar og tekið upp um allt land, jafnt fyrir ósakhæf og sakhæf börn. Samkvæmt ábendingum sem bárust umboðsmanni virðist það hins vegar ekki hafa gengið eftir og telja fagaðilar að ákveðið úrræðaleyfi ríki gagnvart ósakhæfum unglíngum sem brjóta af sér.





FRÍTÍMI, TÓMSTUNDIR OG MENNING

LEIÐBEININGARREGLUR Í ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFI

Nokkur erindi hafa komið til kasta umboðsmanns barna sem snerta tómsundastarf barna á einhvern hátt, til dæmis sem varða ákvarðanir sem eru teknar í slíku starfi. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að sjónarmið Barnasáttmálans séu ávallt í hávegum höfð þegar teknar eru hvers kyns ákvarðanir sem varða börn, hvort sem er í skóla, heima fyrir eða í tómsundum. Af þessu tilefni stefnir umboðsmaður barna að því að hefja vinnu við gerð leiðbeiningarreglna í íþrótt- og tómsundastarfi barna.

Faðir leitaði til umboðsmanns barna vegna alvarlegs eineltis sem sonur hans verður fyrir í íþróttafélaginu sínu. Taldi hann félagið og þjálfarann ekki vinna faglega með hagsmuni barna að leiðarljósi.

AÐGANGUR UNGLINGA AÐ SKEMMTISTÖÐUM

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar varðandi aðgang unglunga að skemmtistöðum þar sem áfengi er haft um hönd.

Samkvæmt 92. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 mega börn sem eru 12 ára og yngri ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn á aldrinum 13-16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Útivistartíminn lengist um tvær klukkustundir frá

1. maí til 1. september. Börnum er því heimilt að sækja skemmtanir ef reglum um útivistartíma er fylgt sem og öðrum ákvæðum laga sem fjalla um málefnið.

Varðandi aðgang unglunga að skemmtistöðum gilda lög um veitingastaði, gistaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Samkvæmt 17. gr. fyrrnefndra laga eru veitt svokölluð tækifærisleyfi til að halda einstakar skemmtanir. Samkvæmt 3. mgr. fyrrnefnds ákvæðis getur sýslumaður ákveðið að binda leyfi ákveðnum skilyrðum, til dæmis um aldur gesta. Þegar skemmtun er með þeim hætti að hún telst ekki við

Er löglegt að halda skemmtun fyrir 14 ára og eldri til klukkan 23:00 á skemmtistað og getur hver sem er haldið slíka skemmtun fyrir börn?

hæfi barna ætti sýslumaður því að kveða á um 18 ára aldurstakmark. Á það til dæmis við þegar gera má ráð fyrir mikilli áfengisneyslu. Umboðsmaður barna telur fyrst og fremst mikilvægt að sýslumenn geri sér grein fyrir ábyrgð sinni við veitingu skemmtanaleyfa og hafi ávallt það sem er börnum fyrir bestu að leiðarljósi, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að það getur verið skaðlegt unglungum að vera þar sem áfengis er neytt og erfitt

Einstaklingur hafði samband og taldi þörf á að gera lagabreytingu til þess að vernda börn á aldrinum 16-18 ára þannig að það sé ekki sjálfsagður hlutur að þau taki þátt í skemmtun þar sem vín er haft um hönd.

að hafa eftirlit með drykkju þeirra við slíkar aðstæður. Rannsóknir sýna að mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir áfengisneyslu ungmenna eins lengi og hægt er. Til þess að tryggja betur vernd barna væri æskilegra að skýra löginn enn frekar að þessu leyti og hafa ávallt í huga hvað sé þeim fyrir bestu.

Umboðsmaður barna leggur áherslu á mikilvægi þess að foreldrar beri meginábyrgð á velferð barna sinna. Sem dæmi má nefna að þó að 16 ára aldurstakmark sé inn á skemmtun geta foreldrar ákveðið að leyfa börnum sínum ekki að fara, til dæmis ef þeir telja aðstæður ekki við hæfi barna. Á móti skyldum foreldra til þess að vernda börn sín vegur þó sá mikilvægi réttur barnsins til að geta komið saman með öðrum börnum og skemmt sér við aðstæður sem henta þeim.

AÐGANGUR BARNNA AÐ SUNDSTÖÐUM

Umhverfisráðuneytið hafði samband við umboðsmann barna vegna reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 sem þá var í smíðum. Í kjölfarið óskaði umboðsmaður barna eftir því að fá að veita umsögn um drög að reglugerðinni. Umboðsmaður fagnaði auknu eftirliti með sundlaugum þar sem slíkt er fallið til að auka öryggi barna á sund- og baðstöðum. Hins vegar kom umboðsmaður barna fram ábendingu varðandi 14. gr. reglugerðarinnar, sem fjallar um aðgang barna að sund- og baðstöðum. Í fyrrnefndu ákvæði var gert ráð fyrir að börnum yngri en 10 ára væri óheimill aðgangur nema í

Vakin er athygli á því að grunnskóli ætlaði að halda ball fyrir unglunga 14 ára og eldri á skemmtistað. Forsendur fyrir slíkum viðburði þóttu hins vegar ekki réttlætanlegar þegar upp var staðið.

fylgd með syndum einstaklingi sem náð hefur 18 ára aldri. Umboðsmaður barna taldi eðlilegt að miða við að börn yngri en 10 ára fari ekki ein í sund. Hins vegar taldi hann ekki rök fyrir því að einstaklingar þurfi að vera orðnir 18 ára til þess að geta farið með yngri börnum í sund. Í því sambandi benti hann á að mikilvægi þess að taka tillit til stigvaxandi þroska barna og veita þeim aukna ábyrgð með aldrinum. Unglingar bera töluvert mikla ábyrgð frá 15 ára aldri, en á þeim aldri verða einstaklingar til að mynda sakhæfir og mega samkvæmt túlkun vinnueftirlitsins vinna við barnagæslu. Taldi umboðsmaður barna því eðlilegt að veita foreldrum ákveðið svigrúm til þess að meta það hvort þeir treysti einstaklingi á aldrinum 15 til 18 ára fyrir því að gæta barns í sundi. Í samræmi við þessar athugasemdir umboðsmanns var aldursmarkið lækkað niður í 15 ára í reglugerðinni sem tók gildi 1. janúar 2011.

Aðgangur barna að sundstöðum var takmarkaður við börn sem náð hafa 10 ára aldri en áður en reglugerðin var sett var 8 ára börnum heimilt að fara ein í sund. Eftir að reglugerðin var birt bárust umboðsmanni athugasemdir frá börnum vegna breytinga á aldurstakmarkinu. Börnin bentu á að þau börn sem væru orðin 8 ára gætu farið ein í sund fram að áramótum en mættu það ekki eftir áramót og þótti þeim brotið á rétti sínum. Umboðsmaður barna var sammála breyttu aldurstakmarki í umsögn sinni þar sem margir aðilar komu að því að ákveða nýtt aldurstakmark og ýmislegt bendi til þess að ekki sé öruggt er að leyfa 8 ára barni að fara einu í sund. Vegna athugasemda barna sem kvörtuðu undan nýju aldurstakmarki sendi umboðsmaður barna hins vegar ábendingu til umhverfisráðuneytisins um að hann telji ábendingar barnanna réttmætar og þess virði að koma þeim á framfæri við ráðuneytið. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að hlusta á sjónarmið þeirra barna sem þessar breytingar bitna á og taka réttmætt tillit til þeirra. Kom því umboðsmaður með þá tillögu að hægt væri að hækka aldurstakmarkið í þrepum þannig að börn sem nú þegar mega fara ein í sund geti haldið því áfram.

SJÓÐIR TIL STYRKAR BÖRNUM

Reglulega berast umboðsmanni barna ábendingar og fyrirspurnir um styrktarsjóði sem starfa í þágu barna. Snúa þau erindi fyrst og fremst að því hvar mögulegt er að óska eftir styrkjum fyrir börn sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda. Einnig hafa borist erindi um það hvernig eftirliti og skráningu er háttað þannig að tryggt sé að fjármagnið renni til barna.

Umboðsmaður barna ákvað að safna upplýsingum um þá sjóði sem starfa í þágu barna á einn eða annan hátt, hvort

sem þeir starfa eftir staðfestri skipulagsskrá skv. lögum nr. 19/1988 eða ekki. Ætlunin var sú að birta samantekt um alla sjóði sem ætlaðir eru börnum á heimasíðu umboðsmanns barna, www.barn.is.

Umboðsmaður barna hóf ferlið á að óska eftir upplýsingum eða ábendingum á heimasíðu embættisins. Því næst ritaði umboðsmaður bréf til sýslumannsins á Sauðárkróki þann 9. febrúar 2010 en eitt af verkefnum hans er að halda utan um sjóði sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988. Í því bréfi óskaði umboðsmaður upplýsinga um sjóði sem starfa samkvæmt fyrrnefndum lögum og varða börn með einum eða öðrum hætti. Einnig óskaði umboðsmaður upplýsinga um hvernig eftirliti með sjóðunum er háttað. Svar barst frá sýslumanninum á Sauðárkróki þar sem listi með þeim sjóðum sem starfa samkvæmt lögum nr. 19/1988 fylgdi. Ekki var hægt að fá heildstætt yfirlit yfir þá sjóði sem einungis styrkja börn. Í svari sýslumannsins var auk þess tekið fram að sá sem ber ábyrgð á sjóði eða stofnun skal senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað.

Þann 26. ágúst 2010 sendi umboðsmaður barna síðan bréf til ýmissa sjóða sem starfa ekki samkvæmt staðfestri skipulagsskrá þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort umræddur sjóður veitti styrki til barna eða í þágu þeirra, hvernig skráningu og eftirliti væri háttað vegna sjóðsins og hvaða fyrirkomulag gildi um styrkveitingar. Dræmar undirtektir voru við bréfi umboðsmanns barna og bárust mjög fá svör. Má því ætla að eftirlit með styrktarsjóðum sé ekki eins og best verður á kosið og eftir stendur sú spurning hver beri ábyrgð á eftirliti með sjóðum sem ætlaðir eru börnum og að styrkir sem ætlaðir eru börnum berist til þeirra. Umboðsmaður barna hyggst vekja athygli ráðamanna á málinu.

VERUM VINIR



EINELTI

Einelti er til staðar alls staðar í samfélaginu en algengt er að einelti eigi sér stað í skólum. Börn eru mjög viðkvæm fyrir slíku ofbeldi og getur það haft langvarandi áhrif á líf þeirra ef ekkert er að gert. Börn sem verða fyrir einelti liður illa og eru öryggislaus, einmana og tortryggin. Í 19. gr. Barnasáttmálans er tekið fram að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi. Börn eiga því rétt á vernd gegn einelti eins og öðru ofbeldi og er sérstaklega mikilvægt að allir í samfélaginu séu vakandi fyrir því og leyfi því ekki að viðgangast. Umræðan um eineltismál í samfélaginu verður sífellt opnari og fleiri einstaklingar, stofnanir og samtök eru farin að huga að eineltismálum og aðferðum til að vinna bug á þessu meini sem oft er erfitt að meðhöndla.

Borgarstjórn Reykjavíkur lýsti daginn 17. mars 2010, dag án eineltis og er deginum ætlað að vekja athygli á þessu alvarlega vandamáli og minna á að allir dagar eiga að vera án eineltis. Af því tilefni var haldið málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur á vegum mannréttindaskrifstofu um lausnir gegn einelti. Umboðsmaður barna fagnaði þessu framtaki.

14
ára stúlka
spyr hvort það sé
einelti þegar hún verður
fyrir endurteknu áreiti
og ofbeldi frá annarri
manneskju.

Móðir
hefur virkilegar
áhyggjur og leitar
ráða vegna alvarlegs
eineltis sem sonur
hennar verður fyrir af
hendri skólafélaga.

13
ára stúlka
leitar ráða um
hvað hún eigi að
gera vegna eineltis
sem hún verður
fyrir.

Á árinu 2009 var stofnaður starfshópur á vegum þriggja ráðuneyta, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, félags- og tryggingamálaráðu neytisins og heilbrigðisráðuneytisins. Hlutverk starfshópsins var að fjalla um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum og skilaði hann skýrslu sinni sumarið 2010. Þar voru settar fram 30 tillögur að samhæfðum aðgerðum gegn einelti og samþykkti ríkisstjórn Íslands að styðja sérstaklega við aðgerðirnar með því að veita 9 milljónir króna af ráðstöfunarfé sínu í þær. Einnig lagði starfshópurinn til að sérstakur dagur yrði árlega helgaður baráttunni gegn einelti og kynferðislegri áreitni og að komið yrði á fót fagræði sem skólar eða foreldrar geti leitað til þegar upp koma erfið og illeysanleg eineltismál. Umboðsmaður barna gladdist yfir tillögum starfshópsins og fagnar því að aðgerðir gegn einelti eigi sér loksins stað í kerfinu.



VERUM VINIR - HURÐASPJÖLD

Í bókinni *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* sem umboðsmaður barna gaf út í nóvember 2009 segja leik- og grunnskólabörn frá reynslu sinni og skoðunum og tjá sig í máli og myndum um hvernig er að vera barn á Íslandi. Einelti og vinaleysi er eitt af því sem börnin hafa hvað mestar áhyggjur af og benda mörg á mikilvægi þess að tekið sé á slíkum málum. Einnig kom í ljós í könnun umboðsmanns barna um líðan barna í skólanum og heima sem framkvæmd var í febrúar árið 2010 að einelti og annars konar ofbeldi væri að finna í skólanum. Þar sem skólinn er vinnustaður barna og þeim ætlað að sækja hann í 170 daga á ári er mikilvægt að allir skólar sinni

þeirri skyldu að hafa eineltisáætlun sem er bæði virk og kynnt vel fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Vegna vaxandi umræðu á eineltisvandanum sem við glímum við í íslensku samfélagi ákvað umboðsmaður barna að leggja áherslu á mikilvægi vináttu og samkenndar í samfélagi barna veturinn 2010-2011. Af því tilefni ákvað umboðsmaður á haustmánuðum að búa til og gefa út hurðaspjöld til að minna á framangreind gildi meðal barna. Um var að ræða tvær tegundir spjalda:

Verum vinir – Hurðaspjald 1

Ætlað leikskólabörnum og nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Hurðaspjaldið á að minna á mikilvægi þess að koma vel fram við aðra og að vera góður vinur eða félagi. Á aðra hlið spjaldsins geta börnin litað sjálf. Hægt er að fá spjaldið annaðhvort tilbúið eða þannig að börnin klippi það út sjálf.



Verum vinir – Hurðaspjald 2

Ætlað nemendum á miðstigi og elsta stigi grunnskólans en einnig þeim sem eldri eru. Hurðaspjaldið á að minna á mikilvægi þess að koma vel fram við aðra og að vera góður vinur eða félagi. Á annarri hlið spjaldsins segir: *Líðan annarra kemur þér við. Láttu vita.* Með því er verið að vekja athygli á því að vinir og kunningjar geta hjálpað hver öðrum með því að láta þá fullorðnu vita, t.d. umsjónarkennara eða námsráðgjafa, ef einhverjum í samfélagi þeirra líður illa af einhverjum ástæðum.

Á heimasíðu umboðsmanns barna má finna nánari upplýsingar um verkefnið og hugmyndir að því hvernig nota má hurðaspjöldin í skólastarfi.⁶

⁶ http://barn.is/barn/adalsida/verum_vinir/.

EIGNARÉTTUR

EIGNIR BARNA

Umboðsmanni barna barst fjöldi erinda sem snerta eignarétt barna á einhvern hátt.

*Barn:
„Mega foreldrar mínir taka af mér persónulegar eigur eins og síma, tölvu og föt og leyndu fyrir mér hvar þeir eru geymdir?“*

Börn njóta sömu mannréttinda og fullorðnir og eiga þau rétt á því að ráðstafa eignum sínum á þann hátt sem

þau kjósa, en þó innan skynsamlegra marka. Foreldrum ber því að virða eignarétt barna sinna, svo lengi sem ekki er þörf á því að grípa til ráðstafana til verndar barninu. Foreldrum er því með öllu óheimilt

að takmarka eignarétt barna sinna að ástæðulausu og er ekki heimilt að takmarka rétt barns til að njóta eigna sinna hjá báðum foreldrum, búi þeir ekki saman. Umboðsmaður barna kom þessum sjónarmiðum á framfæri við þá sem leituðu upplýsinga um eignarétt barna.

FJÁRMÁL BARNA

Umboðsmanni barna barst mikill fjöldi erinda varðandi fjármál barna, t.d. hvernig þau ráðstafa peningum sínum og hvort foreldrar geti haft áhrif þar á, um aðgang að peningum barna í banka, hvort börn megi skulda og hvort beina megi að þeim greiðsluáskorunum.

Börn eiga að njóta allra sömu mannréttinda og fullorðnir, m.a. eignaréttar. Þó svo að börn séu ófjárráða upp að 18 ára aldri og ráði ekki yfir fé sínu þá ráða þau sjálf yfir peningum sem þau hafa unnið sér fyrir eða fengið að gjöf. Ef eignir barns

verða meiri en 500.000

kr. ber lögráðamönnum að varðveita þær eignir á trygglegan hátt og ávaxta þær eins og best verður á

kosið á hverjum tíma í samráði við yfirlögráðanda. Þó svo að börn ráði ekki sjálf yfir fé sínu ber að leyfa þeim að tjá sig um ráðstöfun þess og taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Foreldrum eða lögráðamönnum er því óheimilt að

ráðstafa peningum barna sinna í eigin þágu eða í þágu fjölskyldunnar nema í samráði við barnið sjálft. Hætta er á að það færist í aukana að foreldrar vilji aðgang að reikningi barna sinna til þess að nota í þágu fjölskyldunnar sökum efnahagsástandsins. Slíkt er óheimilt nema með leyfi barnsins.

Verslunareigandi leitaði til umboðsmanns barna vegna kvörtunar sem honum barst frá föður, sem var ósáttur yfir því að 13 ára barn hans hefði keypt dýran síma.

Foreldrar eru með sameiginlega forsjá en sonur þeirra býr hjá föður. Hann fær ekki að fara með nema brot af dóti og fötum sem hann fær að gjöf en þetta sömdu foreldrar um á sínum tíma.

Móðir leitaði til umboðsmanns barna til að fá svör við því hvort banki gæti neitað að greiða út peninga til foreldra sem þeir sjálfir hefðu lagt inn á börnin reglulega.

Móðir 17 ára stúlku óskaði upplýsinga um hvort heimilt væri að beina greiðsluáskorun til stúlkunnar.

Getur 16 ára barn gert samning vegna greiðslna á viðbótarlífeyrissparnaði?

Banki hafði samband og spurðist fyrir um reglur sem gilda vegna netbankanotkunar barna. Er heimilt að veita foreldrum aðgang að netbanka barna, annars vegar til að fylgjast með færslum og hins vegar til þess að millifæra sjálf? Og ef það er heimilt, hver þarf að samþykkja slíkan aðgang?

Móðir pantaði debetkort fyrir 17 ára dóttur sína en bankinn neitaði að afhenda henni kortið þegar hún ætlaði að sækja það. Var ósátt við þá ákvörðun bankans og spurði hvort bankanum væri það heimilt. Einnig leitaði hún svara við því hvort bankar mættu láta börn fá debetkort.

Barn vann peninga í getraun. Foreldri spyr hvort hitt foreldrið hafi mátt taka peningana og nota þá í eigin þágu.

14 ára stúlka vildi vita hvort foreldrar hennar gætu tekið af henni GSM, iPod eða tölvu.

Stjúpmóðir óskaði upplýsinga um það hvort foreldri hefði rétt á að gera kröfu um að umgengisforeldri borgaði 50% í öllum fatnaði til þess að barnið gæti farið með fatnaðinn til þess foreldris sem það býr ekki hjá.

Stjúpmóðir leitaði ráða um hvað hún gæti gert vegna stjúpsonar síns. Móðir hans tók farsímann af honum og neitaði að skila honum. Vildi vita hver réttur barnsins væri og hvað væri hægt að gera.

Mega bankar rukka færslugjöld á debetkortum fyrir börn undir 18 ára?

Banki hafði samband við umboðsmann barna vegna vinnureglna þegar börn stofna reikning. Einstaklingar þurfa í öllum tilvikum að fylla út eyðublað vegna laga um peningþvætti þegar reikningur er stofnaður. Mega börn skrifa undir eða þarf lögráðamaður að fylla það út fyrir hönd barnsins?

RÉTTUR TIL ÞÁTTTÖKU

12. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Umboðsmaður barna hefur alla tíð lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans og rétt barna til þátttöku þegar teknar eru hvers kyns ákvarðanir sem snerta líf þeirra. Mikilvægt er að leitað sé eftir skoðunum barna og tekið réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

BÖRN OG MÓTMÆLI

Mikil ólga hefur átt sér stað í samfélaginu í kjölfar efnahagshrunsins og þeirrar óvissu sem því hefur fylgt. Vegna þessa áttu fjölmörg mótmæli sér stað víða um land, svokölluð tunnumótmæli, sem voru oft á tíðum mjög fjölmenn. Mikilvægt er að þjálfar börn í lýðræðislegri

þátttöku og veita þeim stigvaxandi réttindi til þess að stuðla að því að þau verði virkir þjóðfélagsþegnar. Það þýðir hins vegar ekki að mótmæli séu alltaf staður fyrir börn. Að því gefnu ákvað umboðsmaður barna að senda út fréttatilkynningu til þess að minna á rétt barna og skyldur foreldra í þessum efnum. Foreldrar hafa ákveðið svigrúm til þess að ráða högum barna sinna en ber þó ávallt að tryggja að hagsmunum þeirra sé aldrei stefnt í voða og skulu þeir því ávallt vernda þau fyrir hættulegum aðstæðum. Þegar metið er hvort rétt sé að börn séu höfð með í mótmælum þarf að huga að aðstæðum hverju sinni sem og aldri, þroska og vilja barnsins.



Umboðsmaður barna leggur áherslu á að réttur barna til verndar gangi framur rétti foreldra til mótmæla. Einnig telur umboðsmaður mikilvægt að valda börnum ekki óþarfa áhyggjum og streitu. Í mörgum mótmælum sem áttu sér stað voru skemmdar- og ofbeldisverk unnin og telur umboðsmaður það ekki vænlegt fyrir börn. Eyr barna eru viðkvæmari fyrir heyrnarskemmdum af völdum hávaða og að lokum má geta þess að ómögulegt er að vita hvenær friðsamleg mótmæli breytast í hættulegar aðstæður, sérstaklega þar sem eldar loga og hlutum er hent.

Eftir því sem börn eldast eykst réttur þeirra til lýðræðis- legrar þátttöku og getur því komið upp sú staða að þau vilji mótmæla. Í því sambandi minnir umboðsmaður barna á mikilvægi þess að veita börnum tækifæri til að láta skoðanir sínar frjáltslega í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Auk þess njóta börn sama tjáningarfrelsis og fullorðnir. Meginreglan er því sú að börn eiga að fá tækifæri til þess að tjá sig um öll málefni sem þau varða og eiga rétt á því að hafa áhrif á ákvarðanir í samfélaginu. Eftir því sem börn verða eldri og þroskaðri ber að veita þeim aukinn sjálfsákvörðunar rétt, m.a. varðandi þátttöku í mótmælum og pólitísku starfi. Foreldrum ber þó ávallt að tryggja börnum sínum nauðsynlega vernd.

Umboðsmanni barna bárust einnig ábendingar varðandi mótmæli sem áttu sér stað við heimili fólks og var það einnig umfjöllunarefni í fjölmiðlum. Umboðsmaður barna vakti athygli á því að þegar mótmælt er fyrir utan heimili fólks má ekki gleyma því að þar búa í mörgum tilvikum börn. Mótmæli og skemmdarverk fyrir utan heimili barna geta haft neikvæð áhrif á líðan þeirra en einnig brýtur það gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 16. gr. Barnasáttmálans.

Umboðsmaður barna telur því mikilvægt að þeir sem koma að mótmælum hafi í huga að mótmæli við heimili bitni í mörgum tilvikum á börnum og í slíkum málum ber að huga að vernd barna og hafa það sem er þeim fyrir bestu að leiðarljósi.

ÞÁTTTAKA BARNNA Í PÓLÍTÍSKU STARFI

Snemma árs 2010 barst umboðsmanni barna erindi sem varðaði prófkjör í sveitarfélagi. Þar var einstaklingum sem náð höfðu 15 ára aldri og voru búsettir í umræddu sveitarfélagi og félagar í viðkomandi stjórnmalahreyfingu heimilt að taka þátt í prófkjöri. Virtist vera um eins konar smölun að ræða. Börn njóta félagafrelsis líkt og aðrir, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 15. gr. Barnasáttmálans og í því felst að börnum er heimilt að stofna og ganga í félög, ef reglur félagsins leyfa. Það sama gildir um þátttöku barna í prófkjöri. Til þess að skrá sig í félag þarf því almennt ekki samþykki foreldra. Umboðsmaður barna hefur ávallt lagt ríka áherslu á rétt barna til að tjá skoðanir sínar og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska og er það í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Að auki njóta börn sama tjáningarfrelsis og fullorðnir, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 13. gr. Barnasáttmálans.

Í ljósi framangreindra meginreglna eiga börn því almennt rétt á því að taka þátt í pólitískum umræðum. Þó ber að hafa það í huga að börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarf á sérstakri vernd að halda. Foreldrum ber að gæta velfarnaðar barna sinna í hvívetna en einnig ber þeim að þjálfa þau í gagnrýnni hugsun. Vegna þeirrar sérstöðu sem börn njóta telur umboðsmaður barna það afar mikilvægt að stjórnmalaflokkar og frambjóðendur notfæri sér ekki þroska- og reynsluleysi unglunga til þess að fá að taka þátt í prófkjöri og kjósa þar á ákveðinn hátt.

FJÖLMIÐLAR

Fjölmiðlaumfjöllun hefur mikil áhrif á skoðanir og viðhorf fólks, og þá ekki síst börn. Á undanförunum árum hafa embætti umboðsmanns barna borist ýmsar ábendingar varðandi fjölmiðlaumfjöllun og auglýsingar. Umboðsmaður barna hefur jafnframt itrekað bent á nauðsyn þess að sjónvarpsstöðvar vandi val á því efni sem er sérstaklega ætlað börnum og forðist að sýna efni sem telst ekki við hæfi barna á þeim tímum sem börn horfa á sjónvarp. Þá hefur umboðsmaður barna sérstaklega beitt sér fyrir aukinni vernd barna gegn auglýsingum og annars konar markaðssetningu og má í því sambandi nefna leiðbeiningarreglur um neytendavernd barna sem umboðsmaður barna og talsmaður neytenda gáfu út árið 2009.

VEFSÍÐUR SEM HENTA EKKI BÖRNUM

Umboðsmanni barna bárust á árinu athugasemdir varðandi vefsíður þar sem var að finna ærumeiðandi ummæli um börn, einelti og klámfengnar myndir af börnum. Af því tilefni tóku ýmsir aðilar sig saman og



óskuðu eftir því að lokað yrði fyrir aðgang að umræddum vefsíðum. Í kjölfar lokunar vefsíðanna bárust kvartanir til Póst- og fjarskiptastofnunar og var í tengslum við það leitað til umboðsmanns barna og óskað eftir sjónarmiðum embættisins í þessu máli. Umboðsmaður barna sendi því álit vegna erindis Póst- og fjarskiptastofnunar. Tók umboðsmaður fram að mikilvægt væri að tryggja börnum vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst í ljósi þeirrar sérstöðu sem börn njóta. Styðst þetta við 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Í athugasemdum með þessu ákvæði kemur m.a. fram að hægt sé að sækja stoð eða áréttingu í það til þess að heimila undantekningu frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til verndar börnum. Á það m.a. við um tjáningarfrelsi. Á þeim vefsíðum sem um var að ræða var að finna ærumeiðandi ummæli um börn, einelti og klámfengnar myndir. Telur umboðsmaður slíka birtingu augljóslega brjóta í bága við réttindi barna og gæti varðað refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. m.a. XXI. kafla og 4. mgr. 21. gr. hgl. og 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Einnig er kveðið á um rétt barna til verndar gegn andlegu ofbeldi og meiðingum í 19. gr. Barnasáttmálans sem og vernd gegn ólögumtri árás á sæmd þess og mannorð, sbr. 16. gr. sáttmálans. Þá er mikilvægt að allir fjölmiðlar stuðli að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð barna, sbr. 17. gr. Barnasáttmálans.

Ljóst er að núgildandi lög taka ekki nægilega á því hvernig bregðast eigi við birtingu efnis sem brýtur gegn ofangreindum réttindum barna. Er því ljóst að eftirláta verði fjarskiptafyrirtækjum ákveðið svigrúm til að loka fyrir aðgang að síðum, til þess að tryggja vernd barna. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hagsmunir barna skulu alltaf hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir varðandi þau, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans.

Umboðsmaður vill því leggja áherslu á að þegar um er að ræða myndbirtingar og umfjöllun á vefsíðum sem fela í sér alvarleg brot á réttindum barna ættu hagsmunir þeirra, þ.e. réttur til friðhelgi einkalífs og vernd gegn ofbeldi, að vega þyngra en réttur netnotenda til tjáningarfrelsis. Telur umboðsmaður það í samræmi við ofangreint ákvæði stjórnarskrárinnar sem og ákvæði Barnasáttmálans. Umboðsmaður biður nú eftir úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar og mun aðhafast í samræmi við hann þegar að því kemur.

SJÓNVARPSEFNI SEM ER EKKI VIÐ HÆFI BARNNA

Umboðsmanni barna bárust athugasemdir varðandi sjónvarpsþátt sem ætlaður er ungmennum þar sem talið var að barni hafi ekki verið sýnd sú virðing sem það á rétt á. Meðal annars voru bleyjuskipti, kynfæri og hægðir barns sýndar í sjónvarpi. Umboðsmaður barna hafði samband við viðkomandi sjónvarpsstöð og áréttaði að börn eru fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi. Það er því mikilvægt að sýna þeim jafnmikla virðingu og öðrum og bjóða ekki upp á háttsemi sem við teljum ekki samboðna fullorðnum.

Samkvæmt 17. gr. Barnasáttmálans skulu aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla og sjá til þess að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá. Aðildarríki skulu einkum stuðla að sjónvarpsefni sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Í samræmi við þetta ákvæði kemur m.a. fram í 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 að sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan og siðferðislegan þroska barna.

Ríkar skyldur hvíla á þeim sem sýna sjónvarpsefni ætlað börnum og unglíngum og er mikilvægt að sjónvarpsstöðvar átti sig á þeirri ábyrgð sem þær bera. Óviðunandi er þegar skemmtiefni særir siðferðiskennd barna eða bitnar beint á þeim. Sjónvarpsefni hefur almennt mikil og mótandi áhrif á börn, sérstaklega vegna þroska- og reynsluleysis þeirra. Aðstæður barna eru mismunandi og ekki eru allir foreldrar í stakk búinir til að veita börnum sínum viðeigandi leiðsögn. Það er því ekki í lagi að skemmtiefni gangi út á það að gera grín að fólki eða niðurlægja það vegna útlits, uppruna, stöðu eða annarra einkenna. Slíkt getur haft skaðleg áhrif á siðferðisþroska og viðhorf barna til minnihlutahópa og getur jafnvel talist brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Vegna þeirra athugasemda sem bárust umboðsmanni barna hafði hann samband í lok árs 2010 við dagskrárstjóra

viðkomandi sjónvarpsstöðvar þar sem umræddur þáttur er á dagskrá. Umboðsmaður hefur itrekað fengið athugasemdir varðandi umræddan sjónvarpsþátt og hefur nokkrum sinnum haft samband við dagskrárstjóra viðkomandi sjónvarpsstöðvar og komið athugasemdum sínum á framfæri. Það hefur hins vegar dugað skammt og því óskaði umboðsmaður barna eftir fundi með dagskrárstjóra og umsjónaraðilum sjónvarpsþáttarins. Umboðsmaður barna mun halda áfram að fylgja málinu eftir og fylgjast með dagskrárefni sem er ætlað börnum og unglíngum. Umboðsmaður vill jafnframt hvetja almenn- ing til að hafa samband við birtingaraðilana sjálfa þegar þeir sýna börnum ekki þá virðingu sem þau eiga rétt á.

TAKMARKANIR Á AUGLÝSINGUM Í BARNAEFNI

Á árinu var lagt fram nýtt frumvarp til laga um fjölmiðla, en samkvæmt 5. mgr. 41. gr. þess er lagt bann við því að auglýsingar séu sýndar fimm mínútum áður en dagskrá sem er ætluð börnum yngri en tólf ára hefst og þar til fimm mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Umboðsmanni barna barst ábending sem laut að því að Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA) væri mótfallið þessu banni og vildi að það yrði felld úr frumvarpinu. SÍA studdi þessa kröfu sína við að um væri að ræða verulega takmörkun á tjáningarfrelsi sem færi gegn stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu. Í athugasemdum í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að ákvæðið geti réttlætt undantekningar frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef það þykir nauðsynlegt til verndar börnum. Á það m.a. við um tjáningarfrelsi. Umboðsmaður barna sendi umsögn til Alþingis þar sem þessi sjónarmið komu fram, auk þess sem hann minnti á að börn eru sérstaklega viðkvæm og þarfnast því meiri verndar en aðrir. Telur umboðsmaður því vernd barna ganga framár tjáningarfrelsi auglýsenda. Mikilvægara er að veita börnum þá vernd sem þau þurfa á að halda en að heimila auglýsingar þegar dagskrá er ætluð börnum yngri en 12 ára. Ljóst er að börn eru miklu móttækilegri en fullorðið fólk og þurfa því aukna vernd gegn auglýsingum.

TRÚFRELSI BARNNA

Umboðsmanni barna bárust erindi á árinu 2010 þar sem börn leituðu svara varðandi trúfrelsi sitt. Annars vegar bárust erindi þar sem börn vildu fermast í kirkju en foreldrar voru því mótfallnir. Hins vegar var um að ræða erindi þar sem börn langaði ekki að fermast í kirkju en foreldrar þeirra meinuðu þeim að fermast borgaralega. Eru þannig dæmi um að foreldrar reyni að hafa áhrif á börn sín og beita einhvers konar þvingun sem felst í því að segja að annaðhvort fermist barnið eins og foreldrarnir kjósa eða það fermist alls ekki. Að þessu tilefni vill umboðsmaður barna minna á 73. gr. stjórnarskrárinnar og 14. gr. Barnasáttmálans þar sem trúfrelsi barna er tryggt.

Í svörum sínum til barnanna benti umboðsmaður barna á að í stjórnarskránni er kveðið á um að allir eigi að njóta frelsis um lífsskoðanir sínar og trúarlega sannfæringu. Börn falla að sjálfsögðu undir þetta ákvæði. Börn njóta einnig skoðana- og trúfrelsis samkvæmt 14. gr. Barnasáttmálans, en foreldrar eiga þó rétt á að veita barni leiðsögn í þeim efnum, í samræmi við aldur þeirra og þroska. Aðeins er

heimilt að takmarka trúfrelsi með lögum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja öryggi almennings og ríkis.

Börn öðlast sjálfstæðan rétt til að ganga í eða skrá sig úr trúfélagi þegar þau hafa náð 16 ára aldri, sbr. 8. gr. laga um skráð trúfélög nr. 108/1999. Í sama ákvæði er kveðið á um það að frá fæðingu teljast börn tilheyra sama trúfélagi og móðir þess. Forsjáraðili eða -aðilar barns taka ákvörðun um inngöngu eða úrsögn barns úr skráðu trúfélagi en hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess um slíka ákvörðun.

Umboðsmaður barna vill koma því á framfæri að þó svo að börn séu skráð í trúfélag þá ráða þau því sjálf hvort þau fermast þar eða ekki, enda snýst ferðing um að barn ákveði sjálft að staðfesta trú sína. Foreldrum ber að virða trúfrelsi barna sinna og leyfa þeim sjálfum að ákveða hvort þau vilji fermast eða ekki. Ef barn er ekki skráð í trúfélag og vill fermast þar þarf samþykki foreldra. Foreldrum ber að hlusta á börnin sín og taka tillit til skoðana þeirra hvað varðar málefni sem snerta börnin, með tilliti til aldurs þeirra og þroska, eins og m.a. kemur fram í 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 12. gr. Barnasáttmálans.



FORVARNIR

HEILDARENDURSKOÐUN Á ÁFENGISLÖGGJÖFINNI

Í byrjun ársins 2010 kom út skýrsla starfshóps fjármála-ráðuneytisins um heildarendurskoðun á áfengislöggjöf-inni. Vegna útgáfu skýrslunnar vildi umboðsmaður barna koma athugasemdum á framfæri við ráðuneytið og sendi því umboðsmaður bréf til fjármálaráðuneytisins þann 12. febrúar 2010. Í fyrrgreindu bréfi lýsti umboðsmaður barna áhyggjum sínum varðandi ákveðnar niðurstöður nefndarinnar og telur að þær geti haft alvarleg áhrif á heilsu og velferð íslenskra barna og ungmenna. Er einkum um tvennt að ræða sem vakti athygli umboðsmanns barna.

Áfengiskaupaaldur

Í umræddri skýrslu um heildarendurskoðun á áfengis-löggjöfinni var sett fram sú hugmynd að endurskoða ætti áfengiskaupaaldurinn til samræmis við önnur réttindi, svo sem lögræði og kosningarétt. Umboðsmaður barna styður ekki umrædda tillögu og bendir á að sú takmörkun á áfengiskaupum styðst við allt önnur rök en umrædd mannréttindi. Aldurstakmark á áfengiskaupum byggir m.a. á sjónarmiðum um forvarnir og heilsu ungs fólks. Takmörkun á aðgengi barna og ungmenna að áfengi er almennt talið takmarka neyslu þeirra. Telur umboðsmaður barna slíkt æskilegt, ekki síst í ljósi þeirra skaðlegu afleiðinga sem áfengisneysla hefur á líkamlegan og andlegan þroska ungmenna. Rannsóknir sýna að því yngra sem fólk byrjar að neyta áfengis því líklegra er að það eigi við áfengisvandamál að stríða síðar á ævinni. Einnig benda rannsóknir til þess að lækkun áfengiskaupaaldursins geti haft í för með sér fjölgun banaslysa vegna ölvunaraksturs ungs fólks.



Sú staðreynd að mörg ungmenni eru þegar byrjuð að drekka við 18 ára aldur er að mati umboðsmanns barna ekki röksemd fyrir lækkun áfengiskaupaaldurs. Þvert á móti má ætla að lækkun hafi í för með sér að ungmenni byrji enn fyrr að drekka. Að lokum telur umboðsmaður barna að lækkun á áfengiskaupaaldri feli í sér ákveðna stefnuyfirlýsingu um að áfengi sé ekki skaðlegt ungmendum og sé til þess fallið að hvetja til jákvæðra viðhorfa til unglíngadrykkju.

Í ljósi ofangreindra sjónarmiða þykir umboðsmanni barna ljóst að lækkun á áfengiskaupaaldri samrýmist ekki hagsmunum barna og hvetur umboðsmaður því til þess að áfengiskaupaaldurinn haldist óbreyttur.

Áfengisauglýsingar

Nefndin lagði einnig til að áfengisauglýsingar verði heimilaðar og er ein aðalröksemdin fyrir því að óraunhæft sé að koma í veg fyrir þær. Umboðsmaður barna gagnrýnir þessa tillögu, enda er vel hægt að tryggja að banni við auglýsingu áfengis verði framfylgt betur en gert hefur verið. Þannig bendir umboðsmaður á þann möguleika að takmarka auglýsingar á drykkjum sem bera sama heiti og eru í eins umbúðum og áfengir drykkir.

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar um ólög-mætar áfengisauglýsingar sem hafa birst á samskipta-síðunni Facebook, í fréttablöðum, á útihátíðum og á fleiri stöðum. Því vill umboðsmaður barna taka það sérstaklega fram að bann við áfengisauglýsingum hefur forvarnargildi og er ætlað að draga úr áfengisneyslu. Auglýsingar hafa almennt þann tilgang að hvetja til neyslu og stuðla að jákvæðu viðhorfi til vörunnar. Börn og unglíngar eru sérstaklega viðkvæm fyrir allri markaðssetningu og hafa auglýsingar því almennt meiri áhrif á þann hóp en aðra. Í samræmi við það benda rannsóknir til þess að áfengisauglýsingar geti haft áhrif á viðhorf barna til áfengis og stuðlað að aukinni neyslu unglínga. Það er því ljóst að það er börnum fyrir bestu að komið sé í veg fyrir slíkar auglýsingar.

RÁÐGJAFARHÓPUR UMBOÐSMANNS BARNA

Umboðsmaður barna hefur alltaf lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um rétt barns til að tjá sig og að tekið sé tillit til skoðana barna. Umboðsmaður kom því á fót ráðgjafarhópi ungmenna á aldrinum 13-17 ára í ársbyrjun 2009 með það fyrir augum að hann geti verið ráðgefandi aðili fyrir embættið um málefni er snerta börn og ungmenni. Þannig geta börn og ungmenni látið skoðanir sínar í ljós og haft áhrif á störf umboðsmanns barna.

Á árinu 2010 fjallaði ráðgjafarhópurinn um ýmis mál og aðstoðaði umboðsmann við að móta starf embættisins. Sem dæmi um mál sem ráðgjafarhópurinn ræddi eru áhrif nemenda í skólaráðum, tómstundir, einelti, innritun í framhaldsskóla, samstarf við erlend ungmennaráð, samskipti á netinu o.fl.

Meðal þess sem ráðgjafarhópurinn ræddi sérstaklega á árinu var hverfisskipting í framhaldsskóla. Í kjölfar þeirrar umræðu sendi hópurinn menntamálaráðherra bréf þar sem hann gagnrýndi það að ungmenni hafi ekki verið höfð í ráðum í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans, áður en áfangaskýrsla starfshóps um innritun í framhaldsskóla var gefin út. Aðeins voru haldnir fundir með fulltrúum félaga skólameistara framhaldsskóla og skólustjóra grunnskóla en aðrir voru ekki boðaðir.

Með bréfinu vildi ráðgjafarhópurinn jafnframt árétta hversu mikilvægur þáttur það er í þroska og vaxandi sjálfstæði unginga að taka ákvörðun um framhaldsskóla og hefur slík ákvörðun almennt mjög mótandi áhrif á líf einstaklinga. Sú innritunarregla að a.m.k. 45% nýnema eigi að koma úr skólum í hverfinu mun hins vegar takmarka möguleika stórs hluta nemenda á að velja sér framhaldsskóla utan hverfis og koma þannig í veg fyrir að þeir geti sjálfir valið skóla við sitt hæfi. Sömuleiðis má gera ráð fyrir því að reglurnar dragi úr því að einstaka skólar móti sér sérstöðu, en slíkt mun leiða til þess að námsframboðið verði einsleitara.

Að lokum vakti ráðgjafarhópurinn athygli á þeim afleiðingum sem umræddar innritunarreglur geti haft á þolendur eineltis. Með fyrrnefndri tilhögun getur skapast sú staða að nemandi sem hefur orðið fyrir einelti hafi ekki aðra valkosti en að halda skólagöngu sinni áfram með þeim aðilum sem lögðu hann í einelti.

Í kjölfar bréfs ráðgjafarhópsins bauð menntamálaráðuneytið tveimur fulltrúum úr hópnum að eiga sæti í samráðshópi um innritun í framhaldsskóla, og hafa þeir mætt reglulega á fundi á árinu.



KÖNNUN Á LIÐAN BARNA Í SKÓLA OG HEIMA

Umboðsmaður barna lagði könnun fyrir 5.-7. bekki grunnskóla landsins dagana 8.-12. febrúar árið 2010. Það var Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands sem vann spurningalistann með umboðsmanni barna. Rannsóknir og greining sá um að vinna niðurstöðurnar úr könnuninni. Um 1350 nemendur í 5.-7. bekk svöruðu könnuninni. Hópurinn skiptist þannig að um 67% þátttakenda voru af höfuðborgarsvæðinu og 33% á landsbyggðinni.

Könnunin er að hluta til samanburðarhæf við könnun sem umboðsmaður barna lagði fyrir sama aldurshóp árið 2003. Samanburður á þessum tveimur könnunum gefur til kynna að börnum líður almennt betur nú en árið 2003 en þó eru vísbendingar um að ákveðnum hluta nemenda líði illa og finni til óöryggis. Það sem umboðsmaður barna hefur þó áhyggjur af er að um 15% nemenda upplifa sig ekki örugg í skólanum, hvort sem spurt er um skólalóðina eða kennslustofuna.


Í könnuninni svöruðu nemendur m.a. spurningum um almenna líðan, áhyggjur af framtíðinni, samveru fjölskyldu, áhyggjur foreldra, traust til foreldra, einmana-leika, tilhlökkun, vinaleysi og líkamlega kvilla. Hvað varðar skólann voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu verið beittir ofbeldi, skildir út undan og hvort þeim hefði liðið illa vegna framkomu annarra krakka. Þá voru nemendur spurðir um vinnufrið í skólastofunni, framkomu samnemenda og kennara, stríðni, baktal og slagsmál.

Þrátt fyrir að könnunin hafi leitt í ljós að meirihluta nemenda líður vel þá líður um 10 – 15% nemenda ekki vel, hvort sem spurt var um málefni skóla eða fjölskyldunnar. Þær niðurstöður sem umboðsmaður barna hefur mestar áhyggjur af eru:

- 12% nemenda segjast stundum eða oft sleppa einhverju skemmtilegu vegna þess að sér líði illa
- 15% nemenda segjast stundum eða oft finnast enginn vilja vera vinur sinn
- 17% nemenda segjast stundum eða oft vera einmana
- 8% nemenda segjast aldrei eða sjaldan finnast skemmtilegt að hitta hina krakkana
- 15% nemenda segjast stundum eða oft langa að rífast við einhvern

- 15% nemenda segjast aldrei eða sjaldan gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni
- 9% nemenda segja að foreldrar sínir rífast stundum eða oft
- 13% nemenda segjast aldrei eða sjaldan hlakka til einhvers

Í júní 2010 kynnti umboðsmaður barna niðurstöðurnar úr könnuninni á skrifstofu embættisins. Í kjölfarið var gefin út skýrsla þar sem niðurstöður voru dregnar saman. Stefnt er að því að endurtaka könnunina að hluta árið 2011, í samvinnu við Rannsóknir og greiningu.



UMSAGNIR

Einn af mikilvægum þáttum í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Einnig kemur fyrir að óskað er eftir umsögn um drög að frumvörpum eða reglugerðum sem eru í vinnslu hjá ráðuneytum. Árið 2010 veitti umboðsmaður barna umsagnir um eftirfarandi mál:


- Tillaga til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 168. mál.
- Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (réttur einstæðra mæðra), 163. mál.
- Frumvarp til laga um fjölmiðla, 423. mál.
- Drög að frumvarpi um breytingar á ákvæðum barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni.
- Drög að reglugerð um ábyrgð nemenda samkvæmt 14. gr. grunnskólalaga.
- Frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), 485. mál.
- Frumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, 293. mál.
- Frumvarp um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísna manna til stofnfrumurannsókna, 495. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum, 557. mál.
- Frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 553. mál.
- Drög að reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Drög að almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, (hópmálsókn), 393. mál.

AUKIÐ JAFNRETTI KUNJANNA

ÉG VIL SJA FLEIRI KONUR Á ALÞINGI!
MÉR FINNST AÐ ÞAD ETTI AÐ UERA A.M.K 40% OG 60%
KUNJASKIPT PAR.

VIÐ STJÓRNUN ALLSTADAR Í ÞÓÐFÉLAGINUM, FURIRTEKJUM,
STOFNUNUM, SVETASTJÓRNUN, ALÞINGI OG JEFNDUM OG RÁÐUM
RÍKISINS OG SVÉITARFÉLAGA ETTU ÞÆÐI KONUR OG KARLAR
AÐ HAFU UCHD TIL VESS AÐ TALA SAMÉIGINNAGA ÁEVARÐANIR
Í ÍSLENSKU SÁMFÉLAGI.

ÞAD ÞARR EINNIG AÐ FRÉÐA BORN OG UNGHINGA
FYRR UM JAFNRETTI KUNJANNA.



SAMSTARF

INNLENDIR SAMSTARFSADILAR

Hjá umboðsmanni barna eru einungis fjórir starfsmenn og er því mikilvægt fyrir starf embættisins að eiga gott samstarf við aðra aðila sem vinna að málefnum barna. Umboðsmaður barna leitar reglulega eftir álitum hjá sérfræðingum á ýmsum sviðum, svo sem starfsfólki stofnana eða annarra fagaðila. Á árinu 2010 átti umboðsmaður barna auk þess formlegt samstarf, meðal annars við eftirfarandi aðila.

Barnahópur velferðarvaktarinnar

Umboðsmaður barna hefur á árinu átt sæti í sérstökum barnahópi velferðarvaktarinnar, sem er starfræktur á vegum félags- og tryggingamálaráðherra. Hópnum er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins á börn og fjölskyldur þeirra og gera tillögur að aðgerðum í þeim efnum. Í hópnum eiga jafnframt sæti fulltrúar BHM, Barnaverndarstofu, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, Barnaheilla, Heimilis og skóla, UNICEF, Hafnarfjarðarbæjar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Barnasáttmálinn – samstarfsverkefni með Barnaheillum, UNICEF og Námsgagnastofnun

Umboðsmaður barna hélt áfram samstarfi við Barnaheill og Barnahjál Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og er helsta markmið þess samstarfs að stuðla að aukinni vitund

almennings um Barnasáttmálann. Á árinu 2009 var settur upp sérstakur fræðsluvefur um Barnasáttmálann, www.barnasattmali.is. Vefurinn er ætlaður til notkunar í leik- og grunnskóla en hentar einnig öðrum aldurshópum, bæði börnum og fullorðnum. Á síðunni má líka finna leiki og verkefni fyrir börn. Á árinu 2010 hafa fleiri verkefni verið sett inn á heimasíðuna og hún eflað enn frekar. Stefnt er að því að halda samstarfinu áfram á næsta ári.

Háskólinn í Reykjavík

Frá árinu 2009 hefur verið samkomulag í gildi milli umboðsmanns barna og lagadeildar Háskólans í Reykjavík um að taka á mótum meistaranemum í starfsnám. Á árinu 2010 komu tveir laganemar til umboðsmanns í slíkt starfsnám og unnu að ýmsum verkefnum með starfsmönnum embættisins.

Hoff – heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum

Umboðsmaður barna hefur tekið þátt í starfi Hoffhópsins, sem vinnur að heilsuefningu og forvörnum í framhaldsskólum. Markmið verkefnisins er meðal annars að stuðla að bættri almennri líðan og heilsu nemenda, efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum og bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð leggja til fjármagn og starfsmenn í verkefnið.

Kynjuð hagstjórn

Á árinu 2010 tók umboðsmaður barna þátt í tilrauna- verkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð fyrir hönd forsætisráðuneytisins. Markmið verkefnisins er að kanna hvort munur sé á efni og afgreiðslu erinda sem berast umboðsmanni barna eftir kyni þeirra sem bera upp erindið. Unnið verður áfram að þessu verkefni á næsta ári og gerð skýrsla með niðurstöðum þess.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Umboðsmaður barna hefur verið í samstarfi við Menningarmiðstöðina Gerðuberg í nokkur ár. Á árinu 2009 var framlengdur samningur um leigu á listaverkum sem börn hafa unnið í listasmíðjunni Gagn og gaman í Gerðubergi. Verkin sem um ræðir eru úr ýmsum myndaseríum sem ungar hafa verið á árunum 1988–2004 og prýða þau veggja skrifstofu umboðsmann barna og munu gera það að óbreyttu.





Náum áttum

Embætti umboðsmanns barna hefur átt fulltrúa í samstarfshópnum Náum áttum sem er opin samstarfshópur þeirra sem láta sig varða heill barna og ungmenna. Hópurinn stendur fyrir fræðslufundum einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina um hvaðeina sem snertir börn og sem talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.

Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd

Samningur er í gildi milli umboðsmanns barna og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um aðild og stuðning við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2005 og er hlutverk þess að auka og efla rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskylduverndar.

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) er ætlað að hafa frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna sem varða börn á leikskólaaldri. Á árinu 2010 sat umboðsmaður barna, í stjórn RannUng.

Rannsóknir og greining

Á árinu 2010 átti umboðsmaður barna samstarfi við rannsóknarmiðstöðina Rannsóknir og greining, sem hefur

sérhæft sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks á undanförunum árum. Rannsóknir og greining sáu m.a. um að vinna niðurstöður úr könnun umboðsmanns barna um líðan barna.

Reykjavíkúakademían

Á árinu 2010 hefur umboðsmaður barna verið í samstarfi við Reykjavíkúakademiuna í tengslum við stafrænar sögur (Digital Storytelling). Stafrænar sögur eru stuttar persónulegar sögur sem eru gerðar með því að sameina hljóðritaða frásögn, kyrr- og/eða hreyfimyndir og tónlist. Sögurnar eru unnar í hópvinnum, einstaklingurinn vinnur þó söguna sjálfur út frá sinni eigin reynslu en hópurinn er í hlutverki ritstjórnar. Á árinu voru haldnar tvær vinnustofur í tengslum við þetta sem ungmenni í Ráðgjafarhópi umboðsmanns barna tóku þátt í.

SAMAN-hópurinn

Fulltrúi frá umboðsmanni barna hefur setið í SAMAN-hópnum sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagsamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að



vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglíngum stafar af áfengi og vímuefn-um, styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með útgáfu auglýsinga ásamt fræðslu og kynningarefni.

Stjórnlög unga fólksins – samstarfsverkefni með UNICEF og Reykjavíkurborg

Haustið 2010 leitaði UNICEF á Íslandi til umboðsmanns barna og óskaði eftir samstarfi í tengslum við að tryggja það að skoðanir barna og ungmenna fengju að heyrast við

endurskoðun á stjórnarskrá Íslands. Í kjölfarið var einnig leitað eftir samstarfi við Reykjavíkurborg. Við lok ársins 2010 var hafinn undirbúningur að því verkefni, sem ber heitið Stjórnög unga fólksins.

Talsmaður neytenda

Samstarf umboðsmanns barna og talsmanns neytenda um auglýsingar og markaðssókn sem beinist að börnum hélt áfram á árinu. Stefnt er að enn frekara samstarfi á næsta ári, þegar fyrirhugað er að endurskoða leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna, sem gefnar voru út af embættunum árið 2009.



Annað

Umboðsmaður barna hefur í nokkurn tíma átt mjög gott samstarf við Rimaskóla í Grafarvogi. Að því tilefni var óskað eftir því að umboðsmaður tæki sæti í dómnefnd Stóru upplestrarkeppinnar. Þaði hann það með þökkum og átti góða stund með nemendum 7. bekkjar skólans.

Átta ungmenni frá Íslandi og Svíþjóð leituðu til umboðsmanns barna eftir aðstöðu við gerð verkefna-handbókar (The Handbook). Verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu og kom bókin út í lok ársins 2010. Umboðsmanni barna var það sönn ánægja að veita þeim aðstöðu eftir þeirra þörfum við gerð bókarinnar. Bókina má nálgast á vefsíðunni projecthandbook.eu.

ERLENDIR SAMSTARFSADILAR

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum

Starfsmenn embættisins tóku allir þátt í sameiginlegum fundi umboðsmanna barna á Norðurlöndunum sem haldinn var í byrjun júní í Kaupmannahöfn. Á þeim fundi var m.a. rætt um réttarstöðu barna sem eru í umsjá barnaverndaryfirvalda. Umboðsmenn Norðurlandanna hafa allir áhyggjur af takmörkuðum möguleikum þessara barna á að njóta fullnægjandi menntunar og



að eftirlit skorti með þeim aðilum sem annast börnin. Einnig telja umboðsmennirnir börnin skorta tækifæri til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru og varða framtíð þeirra og velferð. Af þessu tilefni sömdu umboðsmennirnir ályktun. Í henni er tekið fram að öll börn eigi að njóta þeirra grundvallarréttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum. Mörg þeirra barna sem barnaverndaryfirvöld annast hafa upplifað vanrækslu og ofbeldi og þeir fullorðnu sem þau hafa þurft að treysta hafa sviðið þau ítrekað. Það er því mikilvægt að réttindi þessara barna séu tryggð þegar stofnanir á vegum yfirvalda taka við umönnun þeirra og hagsmunir sérhvers barns séu alltaf hafðir að leiðarljósi.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)

Dagana 7.-9. október 2010 var haldinn hinn árlegi fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna. Líkt og undanfarin ár tók umboðsmaður barna þátt í þeim fundi sem var haldinn í evrópskri ungmennamiðstöð á vegum Evrópuráðsins (European Youth Centre of the Council of Europe) í Strassborg í Frakklandi. Að þessu sinni var sjónum beint að 12. gr. Barnasáttmálans og bar fundurinn yfirskriftina „Listening to children and involving them in the promotion and implementation of their rights“.

VIÐBURÐIR Á VEGUM UMBOÐSMANNS BARNNA

Allir eru krakkar hjá umboðsmanni barna

Umboðsmaður barna tók þátt í dagskrá Menningarnætur með því að hafa opið hús frá kl. 11:00 til 13:00 í húsnæði embættisins í samstarfi við RANNÍS, sem hefur aðsetur í sama húsi. Í boði var fjölskylduvæn skemmtun. Flautuhópurinn KóSi flutti fjörug og falleg lög auk þess sem Jóhann Auðunn trúbador spilaði og söng nokkur vel valin lög. Í anddyrinu var RANNÍS með sýninguna „Vísindi með augum barna“ og á veggjum skrifstofu umboðsmanns barna var hægt að skoða listaverk eftir börn á öllum aldri.



Fjölmarginir gestir lögðu leið sína á skrifstofu umboðsmanns barna og heppnaðist dagurinn vel. Umboðsmaður barna stefnir að því að taka aftur þátt í Menningarnótt að ári.

Opið hús hjá umboðsmanni barna

Í desember 2010 bauð umboðsmaður barna helstu samstarfsaðilum sínum í heitt súkkulaði, smákökur og spjall og átti með þeim góða stund. Börn frá leikskólanum Sæborg komu og sungu jólalög fyrir gesti og Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur las smásögu.

Vinnusmiðja á Úlfljótuvatni

Í tengslum við eineltisumræðuna og áherslu umboðsmanns barna á vináttu og samkennd stóð hann fyrir vinnusmiðju á Úlfljótuvatni dagana 16. og 17. desember. Vinnusmiðjan var ætluð unglíngum á aldrinum 14-17 ára og voru þátttakendur fjórtán talsins, víðs vegar af landinu. Þema vinnusmiðjunnar var vinátta, vinaleysi og samkennd. Vinnusmiðjan var haldin í samstarfi við Reykjavíkúakademíuna og komu þrír sérfræðingar þaðan til að aðstoða við gerð stafrænna sagna.

Krökkunum var boðið að velja hvort þeir vildu búa til sína eigin stafrænu sögu um persónulega reynslu eða vinna í hópi að gerð myndbanda fyrir umboðsmann barna. Þátttakendum í fyrri hópnum um gerð stafrænna sagna var leiðbeint af starfsmönnum Reykjavíkúakademíunnar. Við gerð stafrænna sagna er mikilvægt að fylgja ákveðinni aðferðafræði og var farið í gegnum allt ferlið frá hug-

mynd úr reynslubanka krakkanna í fullbúið handrit. Mikil vinna liggur að baki hverri sögu og er stefnt að því að ljúka við gerð sagnanna með vinnudegi hjá Reykjavíkúakademíunni um miðjan janúar 2011.

Krakkarnir sem völdu sér myndbandagerð unnu saman sem einn hópur. Byrjað var á því að ræða um ýmsar hliðar vináttu, vinaleysis, eineltis og samkenndar og að því loknu bjó hópurinn til tvö myndbönd. Annað fjallar um einelti og hvernig er hægt að hjálpa öðrum. Hitt fjallar um það hvernig fyrirmyndir barna og unglínga hafa áhrif á viðhorf þeirra og fordóma.



HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

HEIMSÓKNIR

Umboðsmaður barna fékk á árinu margar heimsóknir frá einstaklingum og fulltrúum stofnana og félagasamtaka. Sömuleiðis heimsótti umboðsmaður barna og starfsmenn embættisins ýmsar stofnanir og félagasamtök á árinu. Má þar nefna:

- Barna- og unglingageðeild Landspítalans (BUGL)
- Barnahús
- Barnavernd Reykjavíkur
- Fangelsið á Akureyri
- Fangelsið Bitru
- Fangelsið í Kópavogi
- Fangelsismálastofnun
- Hegningarhúsið á Skólavörðustíg
- Hitt húsið
- Hlíðaskóla (starfsfólk sem sinnir heyrnarlausum og heyrnarskertum börnum)
- Laufásborg
- Litla-Hraun

- Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu
- Nemendur í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
- Nemendur í námskeiðinu „Barnavernd í skólastarfi“ á menntavísindasviði Háskóla Íslands
- Unglingageild SÁÁ

Auk þess heimsótti umboðsmaður barna skóla, ungmenningaráð og félagasamtök í tengslum við kynningar á embættinu, sbr. upptalningu á bls. 10-11.

FUNDIR

Umboðsmaður barna fór á ýmsa fundi með aðilum í samfélaginu með það fyrir augum að efla samvinnu þeirra sem vinna að hag barna. Má þar nefna fundi með:

- Dómsmála- og mannréttindaráðherra
- Félagsmálaráðherra
- Forsætisráðherra
- Heilbrigðisráðherra
- Landlækni
- Mennta- og menningarmálaráðherra



MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

Umboðsmaður barna og starfsmenn embættisins sóttu fjölmarga fundi, málþing og ráðstefnur um málefni barna og ungmenna. Má meðal annars nefna:

Janúar

„Fjölmíðlar – óumflýjanlegt böll?“, málstofu á vegum barnaverndar Reykjavíkur, Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Barnaverndarstofu sem haldin var í Barnaverndarstofu.

Febrúar

„Barnavernd og fjölmíðlar: sjónarhorn barnaverndarstarfsmanna“, málstofu á vegum barnaverndar Reykjavíkur, Félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands og Barnaverndarstofu, sem haldin var í Barnaverndarstofu.

„Börn með ADHD – ekki gera ekki neitt“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

„Hugsaðu áður en þú sendir“, málþing á vegum SAFT, sem haldið var í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands v/Stakkahlíð.

„Ungir kynferðisafbrotamenn“, málþing á vegum Lagadeildar Háskóla Íslands í samstarfi við Blátt áfram – forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi gegn börnum, sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík.

„Hjálparstarf – hvernig snýr það að börnum?“, málstofu á vegum Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd



og félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, sem haldin var í Lögbergi, Háskóla Íslands.



Mars

„Barnavernd og fjölmíðlar: sjónarhorn barnaverndarstarfsmanna“, málstofu á vegum barnaverndar Reykjavíkur, Félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands og Barnaverndarstofu, sem haldin var í Barnaverndarstofu.

„Börn og vímuefni – viðbrögð kerfisins“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

„Dagur án eineltis“, málþing um lausnir gegn einelti á vegum Reykjavíkurborgar, sem halið var í Ráðhúsi Reykjavíkur.

„Áhrif kreppunnar á börn og unglina“, ráðstefnu á vegum Lions hreyfingarinnar á Íslandi, sem haldin var í Norræna húsinu.

„Hagur barna í íslensku samfélagi“, málstofu á vegum Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, sem haldin var í Lögbergi, Háskóla Íslands.

„Greining og þjónusta“, málþing á vegum Sjónarhóls, sem haldið var á Hótel Nordica.

Apríl

„Starfsmenn barnaverndarnefnda á Íslandi – athugun á starfsánægju og streitu“ og „Barnaverndarnefndir á Íslandi: Rannsókn á bakgrunni og viðhorfi nefndarmanna ásamt sjónarhorni starfsmanna“, málstofu á vegum barnaverndar Reykjavíkur, Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Barnaverndarstofu, sem haldin var í Barnaverndarstofu.

„Velferð barna – Tækifæri til skimunar og þjónustu í skólakerfinu“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

„Ungt fólk og lýðræði“, ráðstefnu á vegum Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), sem haldin var á Laugum í Dalabyggð.

Mai

„Preventing Child Neglect: Competence-based Assessment and Internation for Parents with Learning Difficulties and their Children“, málstofuá vegum barnaverndar Reykjavíkur, Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Barnaverndarstofu, sem haldin var í Barnaverndarstofu.

„Að þora að vera foreldri“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

„The Second European Regional Safe Community Conference, Incorporating the 7th Nordic Conference on Safe Communities“, ráðstefnu á vegum The European Safe Community Network (ESCON), sem haldin var á Grand hótél.

„Horfin lífsgleði – okkar ábyrgð, verndum börn gegn ofbeldi“, málþing á vegum Barnaheilla, sem haldið var á Hilton-Nordica hótél.

„Gæðavísar og matsaðferðir í velferðarþjónustu“, málþing á vegum Ís-Forsa í samstarfi við Landlæknaembættið og fleiri stofnanir, sem haldið var í Odda, Háskóla Íslands.

Samráðsfund um eineltismál á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, félags- og tryggingamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins.



Ágúst

„Mikilvægi forvarna í barnaverndarstarfi“, málstofu á vegum barnaverndar Reykjavíkur, félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, faghóps félagsráðgjafa í barnavernd og Barnaverndarstofu, sem haldin var í Barnaverndarstofu.

September

„Tilkynningarskylda-trúnaðarskylda“, málstofu á vegum Rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands, sem haldin var í Lögbergi, Háskóla Íslands.

„Eineltisáætlun – hvað svo?“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

10 ára afmæli Jafnréttisstofu, afmælisráðstefnu sem haldin var í tengslum við árlegan landsfund jafnréttisnefnda sveitarfélaga og fór fram í Ketilhúsinu.

„Fátækt á Íslandi, borgarafund á vegum BÓT – aðgerðarhóps um bætt samfélag, sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Jafnréttisdaga sem haldnir voru í Háskóla Íslands.

„Mikilvægi forvarna í barnaverndarstarfi“, málstofu á vegum Barnaverndarstofu, í samvinnu við Barnavernd Reykjavíkur, félagsráðgjafardeild HÍ og faghóp félagsráðgjafa í barnavernd, sem haldin var í Barnaverndarstofu.



Kompás, námskeið í mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk sem haldið var á vegum Æskulýðsvettvangsins í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg.

Október

„Að uppræta einelti!“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

„Æskan – rödd framtíðar“, norræn ráðstefna á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hilton hótél.

„Þetta er bara gras“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum í samstarfi við vímuvarnarviku, sem haldinn var í Þjóðleikhúskjallaranum.

Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands 2010, sem haldin var í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð.

„Hjálp til sjálfshjálpar“, málþing á vegum félags- og tryggingarmálaráðuneytisins, sem haldið var á Grand hótél.

Þjóðarspegilinn 2010, rannsóknir í félagsvísindum XI, sem fram fór í Háskóla Íslands.

Opnunarhátíð viku 43 sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnarstarfi og áfengis- og vímuefnamálum. „HVAD EF“, skemmtifræðslu um vímuefni, sem fram fór í Þjóðleikhúsinu.

Íslensk ættleiðing, málþing Pasnefndar íslenskrar ættleiðingar, sem haldið var í Safnaðarheimili Seljakirkju.

„Equality into Reality: Action for Diversity and Non-discrimination in Iceland“, alþjóðlega ráðstefnu um jafnrétti og bann við mismunun á vegum lagadeildar Háskóla Íslands í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem fram fór í Lögbergi, Háskóla Íslands.

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð, námsstefnu á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum, sem haldin var á Hótél Nordica.

Nóvember

„Skólabragur“, málstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál, sem haldin var í Bratta, sal menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

„Samvinna við gerð áætlana um meðferð máls í barnavernd“, málstofu á vegum barnaverndar Reykjavíkur, Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Barnaverndarstofu, sem haldin var í Barnaverndarstofu.

Opinn borgarafund vegna eineltisátaks á landsvísu á vegum Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, liðsmanna Jerico, Olweusar-áætlunarinnar og Ungmennaráðs SAFT í samstarfi við Símann, mennta- og menningarmálaráðuneytið, félags- og tryggingarmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og styrktaraðila og fór fram í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík.

„Lolita – A Stereotype for the victimized girl“, opinn fund á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands og Sakfræðifélags Íslands, sem haldinn var í Lögbergi, Háskóla Íslands.

„Áhrif niðurskurðar á framhaldsskólann og brottfall“, morgunverðarfund á vegum Náum áttum, sem haldinn var á Grand hótél.

„Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2010“, ráðstefnu á vegum Æskulýðsráðs í samvinnu við Tómsunda- og félagsmálafræðibraut Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, sem haldin var í Bratta, sal menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

„Þá kemur alveg svona nýtt look á fólk ... finnst það vera partur af því sem það er að gera“ – samvinna við gerð áætlana – sýn starfsmanna, málstofu um barnavernd á vegum Barnaverndarstofu, Barnaverndar Reykjavíkur, félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og faghóps félagsráðgjafa í barnavernd, sem haldin var í Barnaverndarstofu.



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Laugavegur 13 – Sími 552 8999 – Gjaldfrjálst númer 800 5999 – Fax 552 8966
Netfang: ub@barn.is – Veffang: www.barn.is